

Fyrirkomulag gengismála -framtíðarmöguleikar Íslands

Lokaritgerð til BS gráðu í viðskiptafræði

Árni Húnfjörð Brynjarsson

Leiðbeinandi: Ágúst Einarsson
Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst

Vorönn 2011

Fyrirkomulag gengismála -framtíðarmöguleikar Íslands

Lokaritgerð til BS gráðu í viðskiptafræði

Árni Húnfjörð Brynjarsson

Leiðbeinandi: Ágúst Einarsson
Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst

Vorönn 2011

Staðfesting lokaverkefnis til B.S. gráðu í viðskiptafræði

Titill verkefnis:

Fyrirkomulag gengismála -framtíðarmöguleikar Íslands

Höfundur:

Árni Húnfjörð Brynjarsson kt. 140384-2759

Lokaverkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur

hlotið lokaekunnina: _____

Háskólinn á Bifröst – 12. Apríl 2011

Stimpill skólans

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Háskólinn á Bifröst

Viðskiptadeild

Vorönn 2011

Útdráttur

Markmið þessa verkefnis var að kanna þá möguleika sem Ísland hefur í gengismálum og leitast var við að svara rannsóknarspurningunni:

Hverjir eru framtíðarmöguleikar Íslands í gengis og gjaldeyrismálum og hvaða leið er ákjósanlegust til þess að geta viðhaldið stöðugleika hér á landi?

Seðlabanki Íslands gerði veigamikla breytingu á peningamálastefnu Íslands árið 2001, þegar horfið var frá fastgengisstefnu með stöðugu gengi og tekið var upp verðbólguþolmarkmið. Markmið peningamálastefnunnar er stöðugt verðlag sem er skilgreint þannig að árleg verðbólga, sem er reiknuð með hækkun vísitölu neysluverðs, verði að jafnaði sem næst verðbólguþolmarkmiði Seðlabankans. Það þýðir að 12 mánaða verðbólga hér á landi verði sem næst 2,5%. Þegar árangur peningamálastefnunnar er skoðaður er augljóst að afar illa hefur tekist til. Á þessu 120 mánaða tímabili hefur verðbólgan aðeins verið undir þessum markmiðum í samtals 20 mánuði. Verðbólgan hefur því verið yfir mörkunum í 100 mánuði eða í rúmlega 83% þess tíma sem verðbólguþolmarkmiðið hefur verið við lýði. Nokkrar leiðir eru færar sem framtíðarmöguleikar í gengismálum fyrir Ísland, en í raun eru aðeins tveir kostir raunhæfir. Annað hvort sá að halda núverandi peningamálastefnu og þá íslensku krónunni eða að ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evruna í gegnum Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Núverandi peningamálastefna hefur ekki þann trúverðugleika sem þarf að vera og er hagkerfinu sem og krónunni haldið í fjötrum gjaldeyrishafta og mun svo líklega verða áfram í einhvern tíma. Að mati höfundar er ákjósanlegasti kosturinn sá að Ísland afsali sér sjálfstæði í peningamálum og gerist aðili að EMU með inngöngu í ESB. Aðeins þannig næst sá stöðugleiki í efnahagsmálum sem nauðsynlegur er og þá er hægt að byggja upp betra Ísland með minni óvissu, öllum til hagsbóta.

Fimm lykilorð

Fastgengisstefna, flotgengisstefna, króna, evra, peningamálastefna,

Formáli

Ritgerðin Fyrirkomulag gengismála framtíðarmöguleikar Íslands er 14 ECTS eininga lokaverkefni í B.S. námi við Háskólann á Bifröst.

Höfundur er Árni Húnfjörð Brynjarsson og var ritgerðin unnin á tímabilinu janúar 2011 til apríl 2011.

Undirritaður vann ritgerðina á eigin spýtur og í samræmi við reglugerðir og kröfur Háskólans á Bifröst um vinnslu lokaverkefna í grunnnámi.

Árni Húnfjörð Brynjarsson

Þakkarorð

Ég vill koma á framfæri þökkum til eftirfarandi aðila:

Dr. Ágústs Einarssonar fyrir leiðsögn í þessu verkefni
Fjölskyldu minnar fyrir þolinmæði, stuðning og hvatningu.

Allra annarra sem með einum eða öðrum hætti hjálpuðu mér til þess að ná þessum áfanga.

Gullkorn:

Meðan ég sækist ekki eftir annarra manna gróða kæri ég mig ekki um að bera annarra manna skuld. (Halldór Kiljan Laxness, Bjartur í Sumarhúsum).

Árni Húnfjörð Brynjarsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur	11
2. Saga krónunnar	14
2.1 Hlutverk gjaldmiðils.....	14
2.1.1 Gengismál	14
2.2 Gjaldmiðlar á Íslandi	16
2.3 Norræna myntbandalagið	17
2.4 Saga Íslensku krónunnar	17
2.4.1 Landsbanki Íslands.....	18
2.4.2 Íslandsbanki.....	18
2.4.3 Endalok Norræna myntbandalagsin	19
2.4.4 Upphaf sjálfstæðar krónu og Seðlabanka Íslands	19
3. Fyrirkomulag gengismála	21
3.1 1873-1914 Norræna myntbandalagið.....	21
3.2 1914-1922 Gullfóturinn afnuminn	21
3.3 1922-1925 Fljótandi gengi	23
3.4 1925-1939 Gengisstöðuleiki.....	24
3.5 1939-1945 Stríðsárin	26
3.6 1946-1949 Eftir stríðsárin	28
3.7 1950 Gengisbreytingin	30
3.8 1951-1959 Tímabil fjölgengiskerfis.....	31
3.9 1960-1970 Viðreisnin - stefna jafnvægisgengis.....	33
3.10 1970-1973 Endalok fastgengisins	34
3.11 1974-1989 Gengisfellingartímabilið	35
3.12 1990-1995 Höftin hverfa	36
3.13 1995-2001 Horfið frá fastgengisstefnunni	38
3.14 2001- Núverandi peningastefna.....	38
3.14.1 Miðlunarferli peningastefnunnar.....	39
3.14.2 Stjórn tæki Seðlabankans	41
3.14.3 Gengisvogin	43
4. Fastgengi og flotgengi	44
4.1 Fljótandi gengi.....	45
4.1.1 Kostir flotgengi	45
4.1.2 Ókostir flotgengi	46
4.2 Fastgengi	46
4.2.1 Kostir fastgengisstefnu.....	47
4.2.2 Gallar fastgengisstefnu.....	47

5. Framtíðarmöguleikar Íslands	49
5.1 Hin ómögulega þrenning	49
5.2 Halda krónunni	50
5.2.1 Almenn um krónuna.....	50
5.2.2 Kostir krónunnar	51
5.2.3 Gallar krónunnar	51
5.2.4 Hvað þarf að gera til að halda krónunni	52
5.3 Evrópusambandið	54
5.3.1 Ísland í evrópsku samstarfi.....	54
5.3.1.1 EFTA.....	55
5.3.1.2 EES-samningurinn	56
5.3.1.3 Schengen-samstarfið	57
5.3.2 Efnahags- og myntbandalagi Evrópu	59
5.3.3 Maastricht skilyrðin	60
5.3.4 Kostir evrunnar.....	60
5.3.5 Gallar evrunnar.....	61
5.4- Myntráð	63
5.4.1- Framkvæmd	63
5.4.2 Hvaða mynt	63
5.4.3 Kostir Myntráðs	64
5.4.4 Gallar Myntráðs	65
5.5 Einhliða upptaka annars gjaldmiðils	66
5.5.1 Framkvæmd.....	66
5.5.2 Hvaða mynt á að nota.....	67
5.5.3 Kostir einhliða upptöku.....	67
5.5.4 Gallar einhliða upptöku.....	68
6. Hagkvæmt myntsvæði.....	70
6.1 Kenning Robert Mundell.....	70
6.2 Evran hagkvæmt myntsvæði fyrir Ísland?.....	71
7. Niðurstaða	72
8. Lokaorð	74
9. Heimildaskrá.....	76

Myndayfirlit

Mynd 3.1 Vísitala raungengis 1914-1922.	22
Mynd 3.2 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1914-1925.	22
Mynd 3.3 Vísitala neysluverð 1914-1925.	23
Mynd 3.4 Vísitala raungengis 1914-1925.	24
Mynd 3.5 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1925-1939.	25
Mynd 3.6 Vísitala raungengis 1925-1939.	25
Mynd 3.7 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1938-1949.	27
Mynd 3.8 Vísitala raungengis 1939-1949.	28
Mynd 3.9 Gjaldeyrisstaða Íslands 1940-1949.	29
Mynd 3.10 Vísitala raungengis 1951-1959.	32
Mynd 3.11 Vísitala raungengis 1960-1970.	33
Mynd 3.12 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1959-1970.	34
Mynd 3.13 Vísitala raungengis 1974-1989.	35
Mynd 3.14 Verðbólga á Íslandi 1974-1989.	36
Mynd 3.15 Verðbólga á Íslandi og breyting á raungengi 1990-2001.	37
Mynd 3.16 Verðból gumarkmið Seðlabankans.	39
Mynd 3.17 Miðlunarferli peningastefnunnar.	40
Mynd 3.18 Vextir Seðlabanka Íslands 2007-2011.	42
Mynd 3.19 Gengisskráningarvogin.	43
Mynd 4.1 Listi AGS um stýringu gjaldmiðla í 192 löndum árið 2008.	44
Mynd 5.1 Lönd innan ESB og EFTA.	56
Mynd 5.2 Aðildarlönd að Schengen.	58
Mynd 5.3 Hagvöxtur á Íslandi og Evrulöndum.	62
Mynd 5.4 Útflutningur eftir markaðssvæðum 2005-2009.	64
Mynd 5.5. Vægi gjaldmiðilssvæða í vöruviðskiptum Íslands 2000-2009.	67

1. Inngangur

Mikil umfjöllun hefur verið í þjóðfélaginu um gjaldeyrismál upp á síðkastið, einkum sökum efnahagsþrenginga hér á landi sem og annars staðar í heiminum. Upp hefur komið spurningin um það hvort Ísland ætti að afsala sér sjálfstæði í peningamálum og ef svo væri gert, hvaða leiðir væru þá færar fyrir land og þjóð.

Veikur gjaldmiðill ýtir undir sveiflur í efnahags- og fjármálalífi landsins og því er þörf á sterkum gjaldmiðli. Saga gengisstefnunnar á Íslandi endurspeglar í grófum dráttum þá framvindu gengismála sem hér hefur verið. Ísland er eina opna hagkerfið sem heldur í sjálfstæða mynt þrátt fyrir smæð sína.

Í ritgerð þessari er ætlunin að draga fram og skoða helstu þætti er tengjast þessum málum. Leitast verður við að svara þeirri spurningu hverjir séu framtíðarmöguleikar Íslands í gengismálum.

Peningamálastefna hvers lands og ákvarðanir í gengismálum hafa mikið að segja um það framboð af peningum sem er til staðar hverju sinni. Oftar en ekki er þessu stjórnað með breytingum á vöxtum, til þess að ná fram þeim markmiðum sem stefnan á að skila, það er að segja stöðugleika og vexti í hagkerfinu.

Þannig er það markmið allra landa að halda uppi háu atvinnustigi og stöðugu gengi. Segja má að sjálfstæður gjaldmiðill sé mjög eftirsóknarverður ef sjálfstæð peningamálastefna nær með góðu móti að jafna hagsveiflur, halda niðri verðbólgu sem og halda uppi háu atvinnustigi.

Reynslan hefur sýnt að lítil og opin hagkerfi minni þjóða eru miklu berskjaldaðri fyrir gjaldeyris- og fjármálakreppum en hagkerfi stærri þjóða.

Ef rót vandans í íslensku fjármálalífi felst í gjaldmiðlinum og þeirri stefnu sem notuð hefur verið til þess að stýra honum, þá hlýtur sú spurning að vakna hvort að rétta leiðin sé ekki sú að gefa gjaldmiðilinn upp á bátinn og taka hér upp einhvers konar fastgengisfyrirkomulag. Þetta er vissulega möguleiki sem verður að horfa til.

Í því opna hagkerfi sem er hér á landi, gegnir gengi gjaldmiðilsins lykilhlutverki, þar sem stór hluti framleiðsluvaranna fer á erlendan markað og innlendri þörf fyrir neysluvörur sem og aðföng er að miklu leyti fullnægt með innflutningi á vöru og þjónustu. Því er það nauðsynlegt fyrir okkar litla hagkerfi að hér ríki stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði.

Ýmsar spurningar vakna varðandi framtíðarmöguleika í gjaldeyrismálum Íslands. Á að byggja áfram á núverandi fyrirkomulagi eða leita annarra leiða varðandi fyrirkomulag í gjaldeyris- og gengismálum? Á að kasta krónunni og taka hér upp stærri og stöðugri gjaldmiðil eða halda krónunni um ókomna tíð?

Ríkisstjórn Íslands hefur sótt um aðild að ESB en það var samþykkt á Alþingi 16. júlí 2009 og formleg umsókn var lögð inn þann 23. júlí 2010.

Þrátt fyrir þessa umsókn Íslendinga um aðild að Evrópusambandinu, þá er ekki þar með sagt að hún verði samþykkt af þjóðinni. Þó svo færi að þjóðin samþykkti, þá eru samt ákveðin vafaatriði um það hvaða leið skuli fara. Einnig þarf að vera búið að skoða hvaða aðrir möguleikar eru til staðar ef svo færi að Íslendingar höfðu aðild að ESB.

Traust efnahagsstjórn er veigamesti þátturinn í því að byggja upp þann stöðugleika í efnahagsmálum sem svo nauðsynlega vantar hér á landi um þessar mundir. Þar gegnir lykilhlutverki sú stefna sem mótuð verður í gengismálum. Gengisstefna landa þarf að vera trúverðug sem og marktæk. Ekki aðeins á heimamarkaði, heldur einnig út á við.

Þessi ritgerð mun vonandi varpa skýrara ljósi á þá framtíðarmöguleika sem eru til staðar fyrir íslensku þjóðina, bæði innan ESB sem og utan.

Ritgerðin skiptist í átta kafla. Þeir eru eftirfarandi:

Í fyrsta kafla, sem er inngangur ritgerðarinnar, verður skoðað hvers vegna þörf er á því að endurskoða peningastefnuna og framtíðarmöguleika okkar í gengismálum.

Í öðrum kafla verður rakin saga íslensku krónunnar og forvera hennar.

Í þriðja kafla verður greint frá því hvernig fyrirkomulagi gengismála hefur verið háttáð á Íslandi. Skoðaðar verða þær stefnur sem hafa verið hér á landi, alveg frá Norræna myntbandalaginu árið 1873 til núverandi gengisstefnu. Einnig verður núverandi stefna skoðuð nánar, það er að segja farið verður í stjórnþæki stefnunnar sem og miðlunarferli peningastefnunnar. Loks verður fjallað um gengisvogina og hvernig gengi íslensku krónunnar myndast í dag.

Í fjórða kafla verða skoðaðar og metnar þær stefnur sem til eru í gengismálum, það er að segja fastgengisstefna annars vegar og flotgengisstefna hins vegar. Skoðaðir verða kostir sem og gallar við báðar þessar stefnur.

Í fimmta kafla verða skoðaðir og metnir þeir framtíðarmöguleikar sem eru raunhæfir fyrir okkur Íslendinga í gengismálum. Í fyrsta lagi verður það skoðað að halda krónunni, síðan verður innganga í Evrópusambandið skoðuð. Þriðji kosturinn sem verður skoðaður er einhliða upptaka annars gjaldmiðils og loks verður skoðað það að taka upp myntráð hér á landi.

Í sjötta kafla verður fjallað um kenningu Robert Mundell um hagkvæmt myntsvæði. Samkvæmt kenningunni þarf ríki að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að það teljist heppilegt að það gangi í myntbandalag við annað ríki. Skoðað verður hvort að Ísland uppfylli þessi skilyrði.

Í sjöunda kafla verður fjallað um framtíðarmöguleika Íslands í gengismálum. Mismunandi leiðir verða bornar saman og lagt mat á það hver þeirra er líklegust til árangurs.

Í áttunda kafla verða lokaorð ritgerðarinnar. Þar verða dregnar saman helstu niðurstöður höfundar og lokasýn yfir efnið verður dregin saman.

2. Saga krónunnar

2.1 Hlutverk gjaldmiðils

Hlutverk sérhvers gjaldmiðils eða myntar í hagkerfinu er þrenns konar. Myntin er reikningseining, hún er greiðslueyrir eða lögeyrir og enn fremur þjónar hún því hlutverki að geyma verðmæti. Öll þessi hlutverk hafa afgerandi þýðingu fyrirgangverk hagkerfisins og þann efnahagslega árangur sem næst hverju sinni. Oft er fjallað um verð á myntinni út frá mismunandi hlutverkum hennar og ber þá tvenns konar verð jafnan fyrst á góma, annars vegar kaupmátt myntarinnar gagnvart vörum og þjónustu, eða verðlag, og hins vegar vexti. Þriðja verðið á myntinni sem skiptir miklu máli er svo kaupmáttur hennar gagnvart öðrum myntum eða gengi hennar. (Verslunarráð Íslands, 2002, bls. 66).

Samkvæmt þessu er hægt að tala um það að hlutverk peninga sé í meginatriðum þríþætt. Fyrst og fremst eru peningar þó sú mælieining sem gerir það mögulegt að reikna út verðgildi vöru og þjónustu og bera saman við aðrar.

„Peningar eru greiðslumiðill sem auðveldar viðskipti með vörur og þjónustu og síðast en ekki síst eru peningar tiltekið eignarform og nothæfir til að geyma verðmæti“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 19).

2.1.1 Gengismál

Hvort lönd ættu að velja fast eða sveigjanlegt gengi, eða einhvers konar millistig þar á milli, er eitt elsta og algengasta umfjöllunarefni hagfræðinnar (John Williamson, 2004).

Jafnframt er þetta viðfangsefni eitt það mikilvægasta í hagfræðinni. Í gegnum tíðina hafa mörg lönd lent í einhvers konar áföllum sem að hluta til má rekja til þess að gengisstefna landanna hefur beinlínis verið röng (John Williamson, 2004).

Önnur lönd hafa aldrei upplifað þann hagvöxt sem þau gætu náð vegna þess að stefna þeirra hefur verið á algjörum villigötum. Það er reyndar of mikil einföldun að segja að ákveðin lönd upplifi hagvöxt eða kreppu eingöngu vegna gengisstefnu þeirra og því hvernig gengismálum er háttað.

Það er samt alveg ljóst að röng gengisstefna landa hjálpar ekki til við að viðhalda þeim efnahagslega stöðugleika sem öll lönd sækjast eftir (John Williamson, 2004).

Fyrirkomulag gengismála í heiminum hefur breyst töluvert síðustu 100 árin. Í byrjun 20. aldarinnar var val þjóða nokkuð auðvelt, en stærstu þjóðir heimsins notuðust þá við gullfótinn¹ svokallaða (Bordo, 2003).

Síðan breytist landslagið heldur betur í heiminum og þjóðir heimsins fóru að taka upp aðrar stefnur í gengismálum. Margar af stærstu þjóðum heims fóru þá að fylgja flotgengisstefnu (Bordo, 2003), þar sem gjaldmiðlar þeirra flutu á markaði og raunvirði þeirra réðst þá af lögmæti hagfræðinnar og fylgdi því framboði og eftirspurn hverju sinni.

Núna á seinni tímum virðist engin ein stefna vera ráðandi í heiminum, þar sem þjóðir skiptast nokkuð jafnt í fylkingar eftir því hvort þær nota fastgengisstefnu eða flotgengisstefnu við að framfylgja gengismálum.

Vaxandi samstaða virðist vera í heiminum á meðal hagfræðinga um það að lönd eigi eingöngu að spá í það að vera annað hvort með fullkomlega fljótandi stefnu eða þá harða fastgengisstefnu (Jeffrey A. Frankel, 2003).

Gengi gjaldmiðla landa og þær gengisstefnur sem lönd framfylgja er og verður mikilvæg breyta sem stjórnar því hvernig innlent efnahagslíf þjóðar nær að tengjast hinum alþjóðlegu mörkuðum. Val á gengisstefnu er mikilvægur þáttur í efnahagsmálum allra ríkja og getur haft mikið að segja um það hvernig hagvöxtur þróast í ríkjum.

Sögulega séð hafa flestar þróaðar þjóða beitt strangri gengisstefnu með miklu eftirliti og mikilli verndunarstefnu á innlandan iðnað, stefna sem nú er talin vera í andstöðu við sjálfbæra og æskilegan hagvöxt í löndum (Takatoshi Ito and Anne O. Krueger, 1999).

Því er nauðsynlegt fyrir þjóðir að hafa sanngjarna gengisstefnu, þannig að hagvöxtur þeirra geti vaxið með viðskiptum á hinum alþjóðavædda heimsmarkaði.

Hér að framan hefur það verið skilgreint hvert er hlutverk peninga í hagkerfum og hvernig gengismál og stefnur hafa áhrif á lönd og næst er ætlunin að fjalla um sögu gjaldmiðils Íslands og þær peningamálastefnur sem hafa verið hér við lýði. Loks verður núverandi peningamálastefna greind og skoðuð.

¹ Talað er um að gjaldmiðill sé á gullfæti ef að baki hans sé gullforði. Sérhver peningaseðill eða mynt er í reynd ávísun á tiltekið magn af gulli.

2.2 Gjaldmiðlar á Íslandi

Opinber gjaldmiðill á Íslandi á sér næstum því 250 ára sögu sem hægt er að rekja allt til ársins 1778.

„Til er gjaldmiðill sem ber nafn Íslands sem var sleginn fyrir eða árið 1771 í konunglegu myntsláttunni í Kaupmannahöfn og nefndist sú mynt *pjástur*. Undir skjaldarmerki á peningnum standa nöfnin Island, Grönlan og Ferö“ (Seðlabanki Íslands, 2002, bls. 5).

„Nafn Íslands er einnig að finna á pjástri frá Kónsbergi sex árum síðar, 1777, nema hvað að þar er stafað Islan“ (Seðlabanki Íslands, 2002, bls. 5).

Þó segja megi að þessar áletranir hafi með einhverjum hætti snert Ísland, þá er hér ekki um að ræða gjaldmiðil Íslands í þeim skilningi, heldur er talið að nafnið sé til komið vegna stöðu Íslands í ríkinu, enda var *pjástur* einkum notaður í viðskiptum Dana í Austurlöndum (Seðlabanki Íslands, 2002).

Saga opinbers gjaldmiðils á Íslandi hófst árið 1778 með formlegri lögfestingu danskra kúrantseðla sem voru með íslenskum texta sem var þá prentaður á bakhlið þeirra seðla sem settir voru í umferð hér landi.

Seðlarnir voru í raun gjaldgengir bæði hér á landi sem og í Danmörku, en þeir seðlar sem voru í Danmörku voru með auða bakhlið (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

Ekki höfðu Íslendingar mikla tiltrú á þessum seðlum, eða töldu sig sérstaklega þurfa að nota þá, því héldu þeir sig við það viðskiptaform sem þeir treystu hvað best og héldu því flestir áfram að stunda vöruskipti, þrátt fyrir tilkomu þessara seðla.

Segja má að ekki hafi verið grundvöllur eða þörf fyrir virkan gjaldmiðil hér á landi, þar sem verslun á Íslandi var undir einokun² Dana (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

² Með einokunarversluninni er átt við sérstaka gerð af verslunartilhögun sem var komið á fót á Íslandi árið 1602 og stóð í tæpar tvær aldir, fram til ársins 1787.

„Kúrantseðlarnir reyndust heldur ekki traustir til lengdar og árið 1820 voru þeir innkallaðir á Íslandi í kjölfarið á gengishruni sem varð í Danmörku árið 1813 að loknum Napóleons styrjöldunum“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 22).

Töluvert var þó af þessum seðlum í umferð hér á landi, þótt þeir hafi ekki verið mikið notaðir. Einnig gerðist það vegna gengishrunsins að margir Íslendingar urðu fyrir fjárhagstjóni sökum þess að þessir seðlar urðu næstum verðlausir.

2.3 Norræna myntbandalagið

Töluverðar breytingar voru síðan gerðar árið 1873 þegar þrjú ríki; Danmörk, Noregur og Svíþjóð, tóku mjög stórt skref og komu á sérstöku myntbandalagi sem fól í sér nýja mynt sem hafði sama verðgildi í löndunum þremur.

Þannig aflögðu ríkin þrjú niður fyrri myntir og tóku upp krónur. Með auglýsingu haustið 1873 var staðfest að myntbandalagið næði einnig til Íslands (Jóhannes Nordal, 1997).

Myntbandalaginu fylgdu miklar breytingar í peningakerfi Dana og þar með í því íslenska. Norrænar myntir voru innleysanlegar fyrir gull á föstu gengi, þetta kerfi kallaðist gullfótur.

„Hvert land gaf þó út sínar myntir og seðla, sem þó voru gjaldgengir jafnt í öllum ríkjunum“ (Jóhannes Nordal, 1997, bls. 151). Við stofnun þessa Norræna myntbandalags varð danska krónan því um leið gjaldmiðill Íslands, þar sem Ísland var undir veldi Dana.

Þetta myntbandalag var við lýði allt til ársins 1924, þó í raun legðist það af í fyrri heimstyrjöldinni, þar sem krónan í hverju landi fyrir sig hafði ekki sama verðgildi miðað við gull (Norðurlandaráð, e.d.).

2.4 Saga Íslensku krónunnar

„Árið 1871 tóku gildi svonefnd stöðulög sem danska þingið hafði samþykkt, þrátt fyrir mótmæli meirihluta Alþingis, um stöðu Íslands innan danska ríkisins“ (Skrifstofa Alþingis, e.d, bls. 9). Í lögum var kveðið á um það að fjárhagur Íslands og Danmerkur skyldi verða aðskilinn.

Í framhaldinu fékk Ísland sína eigin stjórnarskrá árið 1874 sem var nær samhljóða dönsku stjórnarskránni frá árinu 1849 í flestum greinum (Skrifstofa Alþingis, 2010).

Með tilkomu stjórnarskrárinnar varð til landssjóður og var Alþingi veitt vald til löggjafar um sjóðinn.

Árið 1885 var landsstjórninni heimilað með lögum að gefa út íslenska peningaseðla í nafni landssjóðs fyrir allt að hálfri milljón króna og var það fyrsta starfsfé Landsbanka Íslands (Ívar Daði Þorvaldsson, 2003).

2.4.1 Landsbanki Íslands

Árið 1885 náði frumvarp um stofnun Landsbanka Íslands fram að ganga og hófst starfsemi hans á miðju ári 1886.

„Íslensk seðlaútgáfa hófst árið 1886, þegar Landsbankinn fékk sem starfsfé hálfa milljón af svokölluðum landssjóðsseðlum, sem þó voru ekki innleysanlegir í gulli eins og aðrir norrænir seðlar“ (Jóhannes Nordal, 1997, bls. 151).

Þetta voru fyrstu peningaseðlar sem gefnir voru út hér á landi og ábyrgist landssjóður jafngengi þeirra við danskan verðmiðilinn. Seðlarnir voru gefnir út með 5, 10 og 50 króna verðgildi (Seðlabanki Íslands, e.d.).

Þarna var stórt skref stigið til sjálfstæðis landsins sem og risastórt skref í peningamálum hér á landi. Bæði með stofnun fyrsta bankans sem og fyrstu útgáfu af íslenskum peningaseðlum.

2.4.2 Íslandsbanki

„Stofnun Íslandsbanka olli byltingu hérlendis þar sem fjármálakerfi með nútímasniði komst loks á laggirnar þ.e. fjármálakerfi þar sem innlánsstofnanir sinntu greiðsluþjónustu og fjármálalegri milligöngu“ (Ásgeir Jónsson, 2004, bls. 2). Það var að frumkvæði nokkurra danskra fjármálamanna að Alþingi samþykkti að veita Íslandsbanka starfsleyfi.

Stofnun bankans gerði það að verkum að gífurlega mikið af dönskum og norskum fé fór að streyma inn til landsins. „Þessu til viðbótar var Íslandsbanki ekki aðeins viðskiptabanki, heldur einnig Seðlabanki landsins, þar sem hann fékk í vöggugjöf einkarétt á seðlaútgáfu á Íslandi“ (Ásgeir Jónsson 2010, bls. 2).

Með stofnun Íslandsbanka var stigið stórt framfaraskref fyrir íslensku krónuna, þar sem hann átti réttinn til þess að gefa út seðla, sem voru bæði tryggðir og innleysanlegir í gulli, eftir hliðstæðum reglum og giltu annars staðar á Norðurlöndum (Jóhannes Nordal, 1997).

2.4.3 Endalok Norræna myntbandalagsins

Norræna myntbandalagið leið undir lok við hrun gullfótarins svokallaða í lok fyrri heimsstyrjaldar, þar sem krónan í hverju landi fyrir sig hafði ekki sama verðgildi miðað við gull.

Svíþjóð varð fyrst landa til þess að leggja gullfótinn niður og það markaði fall myntbandalagsins í reynd. Ólík efnahagsþróun ríkjanna eftir styrjöldina og stóraukin seðlaútgáfa leiddi til aðskilnaðar gjaldmiðlanna og endaloka myntbandalagsins frá árinu 1924, þótt það hafi fyrst verið formlega lagt niður árið 1972 (Jóhannes Nordal, 1997).

„Þó að réttur íslensku bankanna hér áður til seðlaútgáfa hafi greitt fyrir bæði efnahagsþróun hér á landi sem og peningaviðskiptum var Ísland í raun og veru ekki sérstakt myntsvæði, svo náteingt sem það var Danmörku og þar með hinu Norræna myntbandalagi“ (Jóhannes Nordal, 1997, bls. 151).

2.4.4 Upphaf sjálfstæðrar krónu og Seðlabanka Íslands

Eftir fall Norræna myntbandalagsins hélt íslenska krónan samt sem áður virði sínu gagnvart þeirri dönsku allt þar til árið 1922. „Eftir það hófst í raun sjálfstæð tilvist íslensku krónunnar. Krónan flaut síðan fram til 1925 þegar hún var fest gagnvart bresku pundi“ (Már Guðmundsson, 2004, bls. 78).

Á þessum tíma var mjög mikil umræða um það að stofna hér á landi einhvers konar ríkisbanka sem ætti þá að hafa einkarétt til seðlaútgáfa hér landi.

„Úr þessum vangaveltum var ákveðið að Landsbankinn yrði gerður að viðskiptabanka og seðlabanka í senn og starfaði síðan um þrjátíu ára skeið í þremur deildum, sparisjóðsdeild, veðdeild og seðlabankadeild“ (Seðlabanki Íslands e.d.).

Landsbankinn fékk einkaréttinn og varð um leið skylt að gefa út seðla sem fullnægðu gjaldmiðlaþörf í innanlandsviðskiptum. „Jafnt og þétt fram til ársins 1957 varð seðlabankastarfsemin sífellt viðameiri en þá var Landsbankanum skipt í tvær sjálfstæðar einingar, seðlabanka og viðskiptabanka“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 23).

Aðskilnaður bankanna var loks gerður með setningu laga um sjálfstæðan Seðlabanka nr. 10 frá 29. mars 1961 (Seðlabanki Íslands e.d.). Hlaut hann nafnið Seðlabanki Íslands og tók við öllum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands. Bankinn hóf starfsemi sína 7. apríl 1961 (Seðlabanki Íslands e.d.).

3. Fyrirkomulag gengismála

3.1 1873-1914 Norræna myntbandalagið

Þróunin var sú að frá árinu 1870 til ársins 1914 voru helstu gjaldmiðlar í heiminum með fast gengi. Ísland var þar ekki undanskilið, því landið var undir stjórn Dana og danska krónan var hluta af tímabilinu sá gjaldmiðill sem var við lýði hér á landi.

Enda þótt íslensk seðlaútgáfa hafi hafist árið 1886 og möguleiki hafi verið á því að skipta henni út fyrir þá dönsku, sökum þess að báðar myntirnar voru skráðar á sama gengi, var hér í raun ekkert sérstakt gengi fyrir íslensku krónuna (Jónas H Haralz, 2006).


„Verðmæti hennar var hið sama og annarra króna innan Norræna myntsambandsins og svaraði til ákveðins þunga gulls samkvæmt myntlögum, eins og tíðkaðist innan alþjóðlegs kerfis gullfótarins, (Jónas H. Haralz, 2006, bls.1). Árið 1871 tóku gildi svonefnd stöðulög hér á landi. Í lögunum var kveðið á um það að fjárhagur Íslands og Danmerkur skyldi verða aðskilinn (Jónas H. Haralz, 2006).

3.2 1914-1922- Gullfóturinn afnuminn

Þegar fyrri heimsstyrjöldin hófst, í ágúst 1914, raskaðist verulega það jafnvægi sem hafði ríkt í gengismálum hér á landi.

Afnám gullfótarins var upphafið að ógæfulegri stjórn Íslendinga í peningamálum í stríðinu, þar sem Íslandsbanka var gefið algjört frelsi í seðlaútgáfu og stunduðu bankarnir glæfrlega útlánastefnu (Guðmundur Jónsson, 1983).

Íslenska krónan hélt jafngildi við dönsku krónuna til ársins 1922 þegar hún var sett á flot. Þó svo að íslenska krónan héldi jafngildi sínu við þá dönsku, þá var danska krónan á floti gagnvart öðrum myntum.




Mynd 3.1. Vísitala raungengis 1914-1922. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982.

Raungengi íslensku krónunnar hækkadi því mikið á þessum tíma, en hafði í raun ekki áhrif á gjaldeyrismarkaðinn hér á landi vegna hagstæðs viðskiptajafnaðar sem á skýringar í áhrifum styrjaldarinnar (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Eins og sjá má á mynd 3.1 voru gríðarlegar sveiflur á raungengi íslensku krónunnar á þessum tíma.

Það fór síðan þannig að þann 13. júní 1922 var í fyrsta skiptið tekin upp óháð skráning á erlendum gjaldeyri hér á landi. Dollarinn var þennan dag skráður á 6,03 kr., danska krónan á 1,2971 kr. og pundið á 26,50 kr. (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982). Þessi gengisskráning fól það í sér að íslenska krónan hafði í raun lækkað sem nemur 23% á móti þeirri dönsku.




Mynd 3.2 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1914-1925. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

3.3 1922-1925-Fljótandi gengi

Eftir gengisfellingu gagnvart danskri krónu um 23% í júní 1922 var gengi krónunnar sett á flot. Breskt pund kom í stað danskrar krónu sem viðmiðunargjaldmiðill.


Þannig að segja má að sjálfstæð gengisskráning íslensku krónunnar hafi hafist árið 1922 og er sjálfstæð gengisskráning ein helsta forsenda þess að ríki geti rekið óháða efnahagsstefnu (Jóhannes Nordal, 1997). Á þessum tíma voru mjög svo óhagstæð viðskiptakjör hér á landi.

Verðlag á Íslandi hafði lækkað um rúmlega 40% frá árinu 1920 sem var mikið meiri lækkun heldur en bæði í Danmörku og á Bretlandi. Mynd 3.3 sýnir þessa lækkun sem varð á vísitölunni samanborið við Danmörk, Bretland og Bandaríkin.



Mynd 3.3 Vísitala neysluverð 1914-1925. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Þessi gríðarlega lækkun sem varð á vísitölunni á þessum tíma hafði það í för með sér að raungengi íslensku krónunnar á árunum 1923-24 var komið verulega mikið niður fyrir það gengi sem var árið 1914, eins og sést á mynd 3.4.



Mynd 3.4 Vísitala raungengis 1922-1925. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Gengi krónunnar féll gagnvart pundi til ársins 1924 og var pundið hæst gagnvart krónu árið 1924 eða í kringum 34 krónur.


„En um mitt árið 1924 tók gengið að stíga í verði og við árslok 1925 var gengi sterlingspund komið í rétt rúmlega 28 krónur og hélt þessi þróun áfram út árið 1924 og árið 1925 þegar sterlingspund var komið í 22,15 krónur“ (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982, bls. 218).

3.4 1925-1939 - Gengisstöðugleiki

Sú hækkun krónunnar sem hafði verið árin á undan stöðvaðist árið 1925 og á næstu árum hófst eitt lengsta tímabil stöðugs gengis sem hefur verið hér landi. Þegar skoðuð er mynd 3,5 sést greinilega hversu stöðugt gengið var á þessu 14 ára tímabili.


Festing gengisins árið 1925 var þó á sínum tíma eingöngu hugsuð sem ákveðin bráðarbirgðaaðgerð þangað til ný stefna yrði afmörkuð til framtíðar (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Allt frá árinu 1916 og fram til ársins 1939 var gengi sterlingspunds haldið föstu í 22,15 krónum.



Mynd 3.5 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1925-1939. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Þegar raungengi krónunnar á þessu tímabili er skoðað, þá sést að það er mjög svipað og það var fyrir stríð og hélt mjög stöðugt á tímabilinu, eins og sést á mynd 3.6. Því má segja að gjaldeyrismál Íslendinga hafi verið í góðu jafnvægi á þessum tíma.



Mynd 3.6 Vísitala raungengis 1925-1939. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Margar þjóðir lentu í miklum hremmingum á þessum tíma, einkum og sér í lagi vegna heimskreppunnar miklu sem hófst í Bandaríkjunum árið 1929, en áhrif hennar breiddust mismunandi hratt til annarra landa.

„Margar þjóðir lentu í greiðsluvandræðum er náði hámarki, þegar gullinnlausn sterlingspundsins var afnumin 20. september 1931 og gengi þess látið ráðast á markaði“ (Jóhannes Nordal, 1997, bls. 157). Margar þjóðir fóru að fordæmi Breta, og voru Norðurlandþjóðirnar allar í þeim hópi.

Hér á landi stöðvuðust gjaldeyrisviðskipti í tvær vikur, þangað til ákveðið var að gengi íslensku krónunnar gagnvart pundi skyldi haldast óbreytt (Jóhannes Nordal, 1997).

Með því að festa gengið eftir gengishækkunina 1925 breyttust í raun allar forsendur stjórnar í peningamálum. „Nú reyndi á það hvort að nægilega öflug stjórnþæki væru fyrir hendi til þess að geta tryggt jafnvægi í efnahagsmálum við skilyrði gengisfestunnar“ (Jóhannes Nordal, 2002, bls. 72).

Kreppan fór að hafa víðtæk áhrif hér á landi, því kreppan hafði sérstaklega áhrif á lönd sem voru mjög háð utanríkisviðskiptum og útflutningi.


Kreppan fór að segja verulega til sín árið 1931 og reyndi þá verulega á flotgengisstefnuna. Gjaldyrishöft voru sett á hér á landi, þar sem mikill skortur var á gjaldyri. Gjaldyrishöft og skilaskylda á erlendum gjaldyri voru tekin upp sem tímabundin ráðstöfun til varnar krónunni og gjaldyrisstöðu Landsbankans (Guðmundur Jónsson 2008).

Það var síðan um vorið 1939 vegna mikilla erfiðleika hér á landi, sérstaklega í sjávarútvegi, sem stjórnvöld lækkuðu gengi krónunnar um 18% og bundu þar með formlega enda á hart nær 14 ára sögulegt tímabil stöðugs gengis hér á landi.

3.5 1939-1945 - Stríðsárin

Með gengislækkuninni, sem ákveðin var með lögum 4. apríl 1939, var gengi krónunnar í fyrsta skipti ákveðið með lögum og breytingin rökstudd með vísan til erfiðrar afkomu sjávarútvegsins. Jafnframt var með bindingu kaupgjalds samfara verðlagsbótum til hinna lægst launuðu reynt að tryggja varanleg áhrif hennar á samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna, en um leið reynt að draga úr þeirri byrði, er lagðist á hina tekjulægstu. Allt átti þetta eftir að setja svip á gengisákvarðanir komandi tíma (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Gengi sterlingspunds hafði verið haldið föstu í 22,15 krónum allt frá árinu 1916 en eftir gengisfellinguna og þegar lög um gengisskráningu voru sett á, varð gengi sterlingspundsins 27 krónur sem fól í sér 22% hækkun þess gengis eða 18% lækkun krónunnar (Bjarni Bragi Jónsson, 2002).




Mynd 3.7 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1938-1949. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Á stríðsárunum tók íslenska krónan mjög litlum verðbreytingum, eins og sést á mynd 3.7. Á stríðsárunum fóru viðskiptakjör okkar mjög batnandi og má segja að styrjöldin hafi breytt efnahagsstöðu Íslendinga til muna. Breskir hermenn hertóku Ísland og með þeim komu inn í landið gríðarlega miklar gjaldeyristekjur.

Efnahagsþróunin hér á landi á stríðsárunum einkenndist því af miklu innstreymi gjaldeyris sökum veru breska herliðsins og af háu verðlagi sem var á útflutningsafurðum okkar Íslendinga. Við þessar aðstæður gerðist það að verðbólga hér fór vaxandi og varð í raun langt umfram það sem gerðist annars staðar (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Sökum þessa samspils hækkaði raungengi krónunnar hér á landi mjög mikið á þessum tíma, eins og sjá má á mynd 3.8.

³ Skráning á danskri krónu var felld niður árið 1940 og hófst ekki aftur fyrr en árið 1945.



Mynd 3.8 Vísitala raungengis 1939-1949. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Við upphaf stríðsins fór sterlingspundið að falla í verði og því var ákveðið sökum batnandi viðskiptakjara að gengi krónunnar myndi hætta að fylgja sterlingspundinu og var það fest við Bandaríkjadal. Á stríðsárunum lækkaði gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal en hækkaði gagnvart pundi (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Miðað við það gengi sem var skráð fyrir stríð var gengi krónunnar orðið 11% lægra gagnvart bandarískum dollar en 3% hærra gagnvart bresku pundi. Á þessum tíma voru engar aðrar myntir skráðar hér á landi sökum styrjaldarinnar sem geisaði á þessum tíma í heiminum (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

3.6 1946-1949 - Eftir stríðsárin

„Mikill gjaldeyrisforði og hagstæð ytri skilyrði drógu fyrst í stað úr afleiðingum vaxandi ytra ójafnvægis fyrstu árin eftir styrjöldina, en þegar fram liðu stundir var gripið til víðtækra fjármagnshafta og verndarstefnu“ (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001, bls. 22).


Þó Íslendingar hefðu safnað gríðarlegum gjaldeyrisforða á stríðsárunum, þá var gríðarlega mikið jafnvægisleysi í gjaldeyrisviðskiptum hér á landi.

⁴ Skráning á danskri krónu var felld niður árið 1940 og hófst ekki aftur fyrr en árið 1945.

Má rekja það að miklu leyti til þess að raungengið á þessum tíma var nær tvöfalt hærra en það var árið 1939, eins og sést á mynd 3.8.

Gríðarlegar mikill innflutningur varð hér á landi, eftir að utanríkisverslun komst aftur í eðlilegt horf eftir stríð, sem og viðloðandi viðskiptahalli sem gerði það að verkum að gjaldeyrisforðinn var að fullu til þurrðar genginn á árinu 1947 (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Á mynd 3.9 er hægt að skoða hvernig gjaldeyrisforðinn á landinu óx í stríðinu og hversu hratt gekk á hann eftir stríð.



Mynd 3.9 Gjaldeyrisstaða Íslands 1940-1949. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagskinna

Eftir stríðsárin var haldið uppi hér á landi mjög ströngum innflutningshöftum og vöruskömmun. Því fór ástand efnahagsmála mjög versnandi hér á landi á þessum tíma en það var þó tvennt sem gerði það að verkum að það tókst að afstýra algjöru öngþveiti í gjaldeyrismálum.

Annars vegar var það óvænt vetrarsíld sem kom veturinn 1947-1948 og hins vegar Marshall-aðstoðin sem Íslendingar urðu aðnjótandi frá og með árinu 1948 (Ólafur Björnsson, 1967). Marshall-aðstoðin var aðstoð Bandaríkjamanna við Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina.

Framkvæmd Marshall-aðstoðarinnar var þannig háttað að þjóðir Evrópu fengu bæði lán og styrki frá Bandaríkjunum. Með þessum hætti tryggðu Bandaríkin hagsmuni sína í viðkomandi löndum. Í sjálfu sér var það mjög merkilegt að Ísland skyldi fá aðstoð, þar sem Ísland hafði hagnast vel í stríðinu. Aðalskilyrðið sem Bandaríkin settu fyrir aðstoðinni var það að Evrópuríkin tækju upp með sér samvinnu um viðreisn efnahagslífsins.

Á þessum árum áttu ekki aðeins Íslendingar í vandræðum, heldur voru margar þjóðir Evrópu í gjaldeyrisörðugleikum og var fólst helsti vandi þeirra í skorti á dollurum. Þótt margar þjóðir nytu góðs af Marshall aðstoðinni, þá varð meira að koma til svo að unnt yrði að rétta við efnahag Evrópuríkja.

„Árið 1949 var gengi breska pundsins og síðar flestra gjaldmiðla Evrópu fellt um 30,5% gagnvart Bandaríkjadal og var ákveðið að láta krónuna fylgja gengi pundsins. Vegna þess hve Evrópa vó þungt í utanríkisviðskiptum Íslands hafði sú ákvörðun þó lítil áhrif á samkeppnisstöðu landsins“ (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001, bls. 22).

3.7 1950-Gengisbreytingin

Íslendingar voru á meðal stofnaðila að Alþjóðagjaldeyrissjóðunum en sjóðurinn tók formlega til starfa 1. mars 1947.

Ísland var á meðal 29 stofnlanda sem mynduðu alþjóðastofnanir undir forystu Harry Dexter hjá bandaríska fjármálaráðuneytinu og breska hagfræðingsins John Maynard Keynes (Björn Vigni Sigurpálsson, 2009).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á ásamt Alþjóðabankanum rætur sínar að rekja til ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Bretton Woods í New Hampshire fylki í Bandaríkjunum 1.-22. júlí, árið 1944. Markmið ráðstefnunnar var m.a. að koma á fót nýjum vettvangi efnahagssamvinnu sem hefði það hlutverk að efla alþjóðlega samvinnu í gjaldeyrismálum, stuðla að stöðugu gengi mynta og greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Ein meginástæða þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var komið á fót var að í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar varð mikil efnahagslægd, kreppan mikla. Í kjölfar hennar fylgdu nær öll ríki heims einangrunarstefnu sem leiddi til mikils samdráttar í viðskiptum og aukins atvinnuleysis. Tilgangur hins nýja vettvangs efnahagssamvinnu var að koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig (Seðlabanki Íslands).

Íslendingar áttu mjög erfitt með að vera öðrum þjóðum samferða í átt til frjálsra utanríkisviðskipta, fyrr en búíð væri að gera einhverjar ráðstafanir sem og ráða bót á jafnvægisleysinu sem ríkti í gengismálum.

Stefnubreyting varð 19. mars 1950, þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar var afgreitt sem lög, en þar var kveðið á um 42,6% gengislækkun íslensku krónunnar (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001).

Með þessum lögum var einnig kveðið á um launabreytingar, framleiðslugjöld og fleira (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Af þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar varð mikill og varanlegur árangur, því unnt var að afnema hér á landi skömmtnunina, útrýma vöruskortinum og slaka verulega á þeim innflutningshöftum sem voru hér á landi.


Samkvæmt nýju lögunum var gengið á einum Bandaríkjadal skráð á 16,32 krónur samanborið við 9,37 krónur áður (Bjarni Bragi Jónsson, 2002).

Tilraunin misheppnaðist þó, m.a. sökum óhagstæðra ytri skilyrða. Þó svo að ýmis markmið næðust með gengislækkuninni, þá fór það svo að óhagstæð ytri skilyrði, versnandi viðskiptakjör sem og léleg aflabrogð áttu stærstan hluta á því að sá árangur sem stefnt var að náðist ekki. Þegar þetta kom í ljós, og raungengið reyndist hærra en það var fyrir stríð, var látið undan síga.

Í stað frekari aðgerða í sömu átt var áfram treyst á innflutningshöft og gripið til nýrra aðgerða til styrkingar á sjávarútvegi landsins (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

3.8 1951-1959 Tímabil fjölgengiskerfis

Tilraunin til þess að koma hér á jafnvægisgengi árið 1950 rann úti um þúfur eins og fyrr var sagt til var ætlað. Forsendan til þess að snúa aftur til haftakerfisins sem var hér áður var ekki talinn álitlegur kostur og var þá hörfað í meint skjól fjölgengiskerfis.



Mynd 3.10 Vísitala raungengis 1951-1959. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

„Fyrsta skrefið var bátagjaldeyrir, svokallaður árið 1951, sem fól í sér álag á gjaldeyri til kaupa á sérstökum vörutegundum. Annað skrefið var rekstrarstyrkur til togaraútgerðar 1954. Sem að var fjármagnaður með innflutningsgjaldi á bifreiðar“ (Stefán Friðbjarnarson, 1994).

Árið 1956 var efnt til útflutningssjóðs, sem hafði með hendi allar millifærslur af þessu tagi. Tveimur árum síðar er lagt á 55% yfirfærslugjald á gjaldeyrissölur, sem fór í styrki til útflutningsframleiðslu.

Kerfið var mjög flókið. Það fól í sér mismunun atvinnugreina, auk umtalsverðrar gengislækkunar (Stefán Friðbjarnarson, 1994).

Þetta kerfi fól í sér mikla mismunun á starfsskilyrðum ólíkra atvinnugreina en það dugði þó ekki til þess að koma á jafnvægisgengi og fór raungengi krónunnar hægt og rólega stígandi allan þennan tíma, eins og sést á mynd 3.10.


„Þó svo að slíkt millifærslukerfi væri ekki til þess fallið að koma á jafnvægi á gjaldeyrismarkaði, þar sem það starfar í raun í skjóli víðtækrar hafta, þá fólst í þessu kerfi veruleg gengislækkun, þá nægði sú lækkun ekki til þess að tryggja atvinnuveginum sæmilega samkeppnisstöðu og jafnvægis í gjaldeyrismálum“ (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982, bls. 223).

3.9 1960-1970 Viðreisnin - stefna jafnvægisgengis

Ný ríkisstjórn tók við völdum á Íslandi árið 1960. Var hún kölluð Viðreisnarstjórnin. Fyrsta verk þessara ríkisstjórnar var stórfelldar aðgerðir í gengismálum, þannig að verð á Bandaríkjadollar hækkaði úr rúmum 16 krónum í 38 krónur (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).

Gengið var fellt um 57% miðað við gamla stofngengið frá árinu 1950 en um þriðjung miðað við gengið með 55% yfirfærslugjaldi (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982). Raungengið lækkaði verulega við þetta.

Eftir gengisfellingu, í kjölfar mikilla launahækkana sumarið 1961, hélst gengið óbreytt til haustsins 1967, en raungengið hækkaði um nær þriðjung á þessum tíma vegna töluverðrar verðbólgu og fór raungengi krónunnar niður í svipað og það hafði verið árið 1939 og árið 1914, eins og sjá má á mynd 3.11.




Mynd 3.11 Vísitala raungengis 1960-1970. Heimild: Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982

Enn fremur var sveigjanleiki gengisfyrirkomulagsins aukinn, þar sem Seðlabankinn gat nú breytt gengi krónunnar án lagabreytingar.

Gengi krónunnar var fellt nokkrum sinnum á sjöunda áratugnum, einkum og sér í lagi til þess að bregðast við ytri og innri þjóðhagslegum áföllum (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001) og síðast með mjög róttækum aðgerðum árið

1968, þegar gengið var fellt um 32,5% og dollarinn var skráður á 88 krónur (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001) .



Mynd 3.12 Gengi þriggja mynta gagnvart íslenskri krónu 1959-1970. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagskinna

3.10 1970-1973 Endalok fastgengisins

Eftir að Bretton Woods fastgengiskerfið leið undir lok og gengi Bandaríkjadals var fellt, fylgdi gengi krónunnar Bandaríkjadal í grófum dráttum.

Bandaríkin létu undan miklum þrýstingi árið 1971 með því að hætta gullinnlausn og í kjölfarið yfirgáfu margar af stærri þjóðum heimsins fast gengi og létu gengið ráðast af markaðsöflun. Fastgengisstefnan var því liðin undir lok. Síðan hafa alþjóðlegir gjaldeyrismarkaðir verið fljótandi (Halldór Birgir Jóhannsson, e.d.).

Á tímabilinu var gengi krónunnar fellt einu sinni (1972) og hækkað tvisvar (1973) gagnvart Bandaríkjadal, uns króna var í raun sett á flot í desember árið 1973. Árið 1973 var Seðlabankanum heimilað að skrá markaðsgengi fyrir ofan ákveðin mörk frá stofngengi, sem var þá 2,25%, og þar með var lokið tímabil fastgengis og krónan komin á flot að nýju (Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson, 1982).


3.11 1974-1989 Gengisfellingartímabilið

Við upphaf tímabilsins var rekin víðtæk haftastefna á peninga- og fjármagnsmörkuðum, en framan af tímabilinu varð gengisstefnan smám saman sveigjanlegri og nálgadist stýrt flot. Um miðjan níunda áratuginn varð gengisstefnan þó aftur aðhaldssamari (Seðlabanki Íslands, 1999).

„Á tímabilinu 1974-1989 var krónan felld 25 sinnum. Að auki lækkaði hún í smáum skrefum á tímabilinu mars 1975 til janúar 1978. 1979 voru sett lög um verðtryggingu, sem almennt eru nefnd Ólafslög“ (Bjarni Bragi Jónsson, 1998, bls. 218).

Gengi krónunnar lækkaði einnig í reynd árin 1986 og 1987 með því að gengiskörfunni, sem fastgengisstefnan var miðuð við, var breytt. Yfir stutt tímabil var gengi krónunnar haldið föstu, fyrst gagnvart dollar en síðar gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001).


Þrátt fyrir þessar gengisfellingar, þá hélst raungengi krónunnar nokkuð stöðugt á tímabilinu, eins og sést á mynd 3.13.



Mynd 3.13 Vísitala raungengis 1974-1989. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagskinna

Mikil verðbólga á þessu tímabili var að nokkru leyti afleiðing ytri aðstæðna. Samspil fjárfestingarhvetjandi aðstæðna, útfærsla landhelginnar og ytri áfalla, tveggja olúkreppna og þriggja tímabila umtalsverðs samdráttar í útflutningstekjum, áttu sinn þátt í að magna upp verðbólgu á áttunda og níunda áratugnum (Seðlabanki Íslands, 1999).

Eins og sést á mynd 3.15, var mjög há verðbólga hér á landi á þessum tíma og sveiflaðist hún frá því að vera rúmlega 40% í byrjun tímabilsins og fór upp fyrir 80% árið 1983. En undir lok tímabilsins var verðbólgan hér á landi komin niður í 20% árið 1989. Á háverðbólguárunum 1974-1983 var krónan nánast á floti þótt því hafi verið stýrt af stjórnvöldum. Verðbólgu var síðan náð niður á svipað stig og í viðskiptalöndum með margvíslegum aðgerðum í lok níunda og í upphafi tíunda áratugarins, en þar lék lykilhlutverk ákvörðun um það að festa gengið í desember 1989 á raunhæfu gengi (Már Guðmundsson, 2004).



Mynd 3.14 Verðbólga á Íslandi 1974-1989. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagskinna

3.12 1990-1995 Höftin hverfa


Á peningamarkaðnum var festa sköpuð með fastgengi krónunnar, sem virkaði nánast eins og akkeri á skrið verðbólgunnar. Þjóðarsáttin virkaði einnig sem akkeri á vinnumarkaði, þannig að launaskrið í takt við verðbólgu var stöðvað á trúverðugan hátt (Már Guðmundsson og Yngvi Örn Kristinsson, 1997).

Verðbólga lækkaði úr 21% árið 1989 og niður 3,7% árið 1992, eins og sést á mynd 3.16. „Í ársbyrjun 1992 var gengi krónunnar fest gagnvart körfu þar sem eka (ECU) hafði 76% vægi, Bandaríkjadalur 18% vægi og japanskt jen 6% vægi“ (Már Guðmundsson og Yngvi Örn Kristinsson, 1997, bls. 106).

Þessi árangur tapaðist heldur ekki, þrátt fyrir að gengið væri fellt tvívegis; árið 1992 um 6% og árið 1993 um 7,5% (Ásgeir Jónsson, 2002).

Frá árinu 1993 hefur gengi íslensku krónunnar verið ákvarðað á millibankamarkaði með gjaldeyri. Í kjölfar þess að gjaldeyrismarkaður tók til starfa þróaðist gengisstefna Seðlabankans til aukins sveigjanleika.

Upphaflega var sveigjanleg fastgengisstefna, þar sem gengið var ákveðið 115 stig og mátti gengið sveiflast um 2,5% í hvora átt frá þessu miðgildi (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001).



Mynd 3.15 Verðbólga á Íslandi og breyting á raungengi 1990-2001. Heimild: Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands

3.13 1995-2001 Horfið frá fastgengisstefnunni

Breytingarnar þær sem gerðar voru á gengisstefnunni haustið 1995 endurspegluðu vaxandi efasemdir um ágæti ósveigjanlegrar gengisstefnu.

Vikmörk gengisstefnunnar voru þá vikkuð úr $\pm 2,5\%$ í $\pm 6\%$ (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001).

Hinn 6. september 1995 var hinni opinberu gjaldmiðlakörfu breytt og horfið til viðskiptaveginnar körfu og vikmörk vikkuð í $\pm 6\%$. Mikil áhersla var lögð á að útskýra fyrir markaðsaðilum og almenningi að með þessum breytingum væri ekki verið að hverfa frá meginstöðum stefnunnar í peningamálum. Gengi krónunnar myndi halda áfram að gegna hlutverki millimarkmiðs peningastefnunnar, með verðstöðugleika að meginmarkmiði. Nýja karfan er samsett úr 16 gjaldmiðlum. Vægi hvers gjaldmiðils var byggt á hlutdeild viðkomandi lands í vöru- og þjónustuviðskiptum Íslands árið 1994. Karfan er endurskoðuð árlega á grundvelli utanríkisviðskipta ársins áður (Már Guðmundsson og Yngvi Örn Kristinsson, 1997).

Sveigjanleiki gengisstefnunnar var smám saman aukinn uns horfið var frá fastgengisstefnunni og tekið upp beint verðból gumarkmið með sveigjanlegu gengi í mars 2001. Í kjölfarið var Seðlabankanum veitt fullt frelsi til þess að ákvarða peningastefnuna án íhlutunar stjórnvalda.

3.14 2001- Núverandi peningastefna


Í mars 2001 var horfið frá stefnu stöðugs gengis íslensku krónunnar og þess í stað tekið upp verðból gumarkmið sem grundvöllur peningamálastjórnar Seðlabanka Íslands. Miðað var við það að verðbólga yrði til frambúðar sem næst 2,5% og markmið stefnunnar er stöðugt verðlag.

Í yfirlýsingur sem gefin var út árið 2001, um verðból gumarkmið og breytta gengisstefnu, segir meðal annars:

Seðlabankinn stefnir að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%. Víki verðbólga meira en 1½ prósentu frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðból gumarkmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðina skal birta opinberlega. Seðlabankinn gerir verðból guspár þar sem spáð er þrjú ár fram í tímann. Spárnar eru birtar í riti bankans *Peningamálum*. Þar kemur einnig fram mat bankans á helstu óvissupáttum tengdum spánni. Jafnframt gerir bankinn grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í Efnahagsmálum (Seðlabanki Íslands, 2001).

Mynd 3.16 sýnir verðbólguna sem hefur verið hér á landi síðan núverandi stefna var tekin upp. Í fyrsta skipti um langa hríð, eða frá því í apríl 2004, náðist verðból gumarkmið Seðlabanks í desember 2010.

Í aðeins 20 mánuði á þessu tímabili hefur verðbólgan verið í eða undir þeim markmiðum sem Seðlabankinn hefur sett sér. Því hefur verðbólgan verið yfir mörkunum í 100 mánuði eða í rúmlega 83% af þeim tíma sem verðból gumarkmiðið hefur verið við líði.



Mynd 3.16 Verðból gumarkmið Seðlabankans. Heimild: Seðlabanki Íslands og Hagstofa Ísland.


3.14.1 Miðlunarferli peningastefnunnar

Með peningastefnu Seðlabanka Íslands er leitast við að beita vöxtum bankans í viðskiptum við aðrar fjármálastofnanir á peningamarkaði til þess að hafa áhrif á atferli einstaklinga og fyrirtækja, þannig að eftirspurnarstig hagkerfisins samrýmist vaxtargetu þess og að væntingar um verðbólgu falli að markmiði bankans í þeim efnum (Viðskiptaráð Íslands, 2008).

„Ferlið sem lýsir því hvernig vaxtaákvörðanir seðlabanka hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu, verðbólguvæntingar og verðbólgu er almennt kallað miðlunarferli peningastefnunnar“ (Þórarinn G. Pétursson 2001, bls. 59).

Ferlið sést hér að neðan á mynd 3.17. Til þess að ná að framkvæma peningastefnu sem

byggir á verðbólguþáttum, eins og framkvæmd peningastefnunnar er hér á landi, þarf að ganga út frá því að aðstæður sem upp geta komið í landinu megi ákveða stýrivaxtaferli sem leiði til þess að verðbólga sé að jafnaði sem næst því verðbólguþáttum sem er ákveðið.



Mynd 3.17 Miðlunarferli peningastefnunnar Heimild: Þórarinn G. Pétursson 2001

Til þess að miðlunarkerfi virki eins og það ætti að gera, þarf trúveruleiki Seðlabankans að vera til staðar, þá þarf peningastefnan að vera framsýn og loks þarf að hafa það í huga að ákvarðanir í peningamálum eru alltaf teknar við skilyrði óvissu (Már Guðmundsson, 2002).

Miðlunarferlið hefst t.d. á því að Seðlabankinn breytir vöxtum sínum. Þeir hafa áhrif á markaðsvexti í viðskiptalífinu og þannig áfram á útlána- og peningamagn, á eignaverð, og beint og óbeint á gengi krónunnar. Samtímis hefur þessi atburðarás áhrif á væntingar og trúverðugleika í kerfinu.

Í næsta áfanga miðlunarferlisins birtast áhrif og breytingar í innlendri eftirspurn og í innflutningi og útflutningi. Þannig verða breytingar á heildareftirspurn og umsvifum í hagkerfinu. Það bætir í eða dregur úr. Við gengisbreytingar verða m.a. breytingar á innflutningsverðlagi.

Gengislækkun veldur verðhækkunum en verðhækkunir í innflutningi taka að hjaðna eftir gengishækkun. Loks birtist þessi útmiðlun með breytingum á verðbólguþáttum (Jón Sigurðsson, 2005).

3.14.2 Stjórnþæki Seðlabankans

Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni einkum með því að stýra vöxtum á peningamarkaði. Fyrst og fremst gerist það með ákvörðun nafnvaxta veðlana til lánastofnana sem síðan hafa áhrif á aðra vexti (Seðlabanki Íslands, 2009). Vextir á peningamarkaði hafa einnig sterk áhrif á gjaldeyrisstrauma og þar með á gengi krónunnar.

„Lán gegn veði eru helsta stjórnþæki Seðlabankans. Vikulega eru haldin uppboð á sjö daga samningum. Lánastofnanir þurfa að leggja fram hæf verðbréf. Uppboðin geta verið ýmist fastverðsuppboð eða uppboð þar sem heildarfjárhæð framboðinna samninga er tilkynnt“ (Seðlabanki Íslands, 2009, bls. 63).


Fastverðsuppboð hafa verið reglan til þessa (Seðlabanki Íslands, 2009). Vextir á lánum gegn veði eru stýrivextir bankans. Tilgangurinn með lækkun stýrivaxta gæti verið sá að örva efnahagslífið og tilgangurinn með hækkun gæti verið sá að berjast gegn verðbólgu og hægja á efnahagslífinu.

Öðrum stjórnþækjum bankans má skipta í tvo flokka; annars vegar föst viðskiptaform og hins vegar markaðsaðgerðir. Eftir breytingarnar árið 1998 eru föst viðskiptaform fjögur, það er viðskiptareikningar, daglán, innstæðubréf og bindiskylda (Yngvi Örn Kristinsson, 2000). Viðskiptareikningar eru reikningar sem geyma óráðstafað eigið fé. Vaxtakjör þessara reikninga mynda lágmarksvexti á daglánum á millibankamarkaði.

Daglán er annað stjórnþæki sem Seðlabankinn hefur, en með því er átt við að lánastofnanir eiga kost á því að taka lán gegn því að leggja fram tryggingu sem er í formi verðbréfa. Þessi verðbréf eru þau sömu og hæf eru í endurhverfum viðskiptum (Yngvi Örn Kristinsson, 2000).

Vextir daglana mynda hámark á lánum til eins dags á krónumarkaðnum, þar sem ekki er ástæða til þess fyrir lánastofnanir að taka lán til eins dags með hærri vöxtum, nema þær eigi ekki hæf verðbréf til veðsetningar (Yngvi Örn Kristinsson, 2000).

Á mynd 3.19 er hægt að skoða þróun vaxta Seðlabankans síðustu fjögur árin, en eins og sést á myndinni, þá hafa þeir verið mjög sveiflukenndir og sérstaklega frá miðju ári 2008.



Mynd 3.18 Vextir Seðlabanka Íslands 2007-2011. Heimild: Seðlabanki Íslands

Með innistæðubréfum er átt við það að lánastofnanir í viðskiptum við Seðlabankann eiga þess kost að kaupa innstæðubréf af Seðlabankanum. Innstæðubréfin eru óstöðluð skuldabréf með föstum vöxtum og eru ekki skráð á Verðbréfaþingi (Yngvi Örn Kristinsson, 2000).

„Hlutverk innistæðubréfa er að setja gólf undir ávöxtun þriggja mánaða vaxta á peningamarkaði sem og að tryggja að alltaf séu til staðar ríkistryggð peningamarkaðsbréf með þriggja mánaða binditíma“ (Yngvi Örn Kristinsson, 2000, bls. 43).

Bindiskylda er kvöð á lánastofnanir um að eiga tiltekna fjárhæð á reikningi í Seðlabankanum, sem miðuð er við einhverja stærð úr efnahag þeirra stofnana sem skyldan nær til. Hún miðast við bindigrunn sem er innistæður, útgefin skuldabréf og peningamarkaðsbréf (Seðlabanki Íslands, 2010).

Með því að leggja á bindiskyldu og breyta því hlutfalli sem lagt er á lánastofnanir, getur Seðlabankinn stýrt því peningamagni sem er í umferð.

Lægri bindiskylda felur í sér að bankarnir geta lánað út stærri hluta af innlánnum sínum og þannig aukið peningamagn í umferð. Hærrí bindiskylda hefur því öfug áhrif, þar sem lánastofnanir þurfa að halda eftir stærri hluta af innlánnum sínum.

„Tiltækar markaðsaðgerðir Seðlabankans felast í inngripum hans á mörkuðum, þ.e. skuldabréfamarkaði, ríkisvixlamarkaði og gjaldeyrismarkaði, og í endurhverfum viðskiptum“ (Yngvi Örn Kristinsson, 2000, bls. 42).


3.14.3 Gengisvogin

Í stað tengingu við einstaka mynt, eins og tíðkaðist hérna áður, er gengi íslensku krónunnar bundið við gengisvog fjölda mynta. Gengisvogin er þannig samsett að hún endurspeglar á sem bestan hátt utanríkisverslun þjóðarinnar.

„Vægi hvers gjaldmiðils er reiknað út frá hlutfalli viðkomandi lands eða gjaldmiðlasvæðis í vöru- og þjónustuviðskiptum Íslands almanaksárið áður en voginni er breytt. Hlutfall vöruviðskipta- og þjónustuvogar í viðskiptavoginni ræðst af hlutdeild hvors liðar fyrir sig í heildarviðskiptum“ (Guðrún Yrsa Richter og Daníel Svavarsson, 2006, bls. 76).

Gengisskráningarvogin er endurskoðuð einu sinni á ári þegar nýjar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti liggja fyrir. Það gengi sem bankinn skráir á þennan hátt er svokallað miðgengi. Kaup- og sölugengi er reiknað út frá föstu fráviki í hvora átt frá miðgengi (Seðlabanki Íslands, 2001).

Við skráningu á nýjstu voginni, eins og sést á mynd 3.19, eru evrusvæðin farin að hafa næstum helmingsáhrif á vogina og í raun meiri ef Danmörk, sem er í ESB, er tekin með, en gjaldmiðill Dana er tengdur evru.




Mynd 3.19 Gengisskráningarvogin. Heimild: Seðlabanki Íslands

4. Fastgengi og flotgengi

Erfitt getur verið, og jafnvel ómögulegt, að fullyrða um það hvort henti betur að hafa fast eða fljótandi gengi. Reynsla landa hefur sýnt að fast gengi getur hentað sumum og fljótandi öðrum.

Þessi ákvörðun þjóða fer oftast en ekki eftir vissum kringumstæðum sem uppi eru og geta verið mismunandi eftir stað og stundu. Ef mynd 4.1 er skoðuð sést að í raun er engin afgerandi stefna í heiminum, þar sem fastgengisstefnan og flotgengisstefnan eru næstum jafn stórar á heimsvísu. Þó má segja að fastgengisstefnan hafi vinninginn, þar sem myntráð er í raun eitt form af fastgengisstefnu.



Mynd 4.1 Listi AGS um stýringu gjaldmiðla í 192 löndum árið 2008. Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Hér að neðan verður skoðað hvernig þessir mismunandi gengismöguleikar virka, hvaða áhrif það hefur að beita þeim og skoðaðir verða bæði kostir og gallar þessara mismunandi gengisstefna.

4.1 Fljótandi gengi

Þegar talað er um að gengi sé fljótandi, þá er átt við það að gengi gjaldmiðils sé látið fljóta gagnvart öðrum gjaldmiðlum og því ræðst gengið á gjaldeyrismörkuðum.

Því mætti segja að gengið ráðist af því hversu mikið þeir aðilar sem eru á markaði eru reiðubúnir að greiða fyrir gjaldmiðilinn með öðrum gjaldmiðli. Með því að beita flotgengisstefnu, þá sveiflast eðlilegt gengi innlands gjaldmiðils meira en þegar genginu er haldið föstu (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Flotgengisstefnu er skipt upp í tvo flokka. Annars vegar er talað um frjálst flot, þar sem yfirvöld skipta sér ekki af genginu heldur ræður markaðurinn algjörlega, og hins vegar stýrt flot, þar sem gengið ákvarðast á gjaldeyrismarkaði. Seðlabanki hefur stundum áhrif á þróun þess með eigin viðskiptum á markaði (Bordo, 2003). Þetta er sú stefna sem fylgt er meðal annars í Bandaríkjunum.

4.1.1 Kostir flotgengisstefnu

Einn mjög stór kostur við fljótandi gengi er sveigjanlegt raungengi. Við kerfi fljótandi gengis getur raungengi breyst mjög skjótt.

Þannig getur það lækkað skyndilega þegar áföll verða, t.d. minni aðgangur að lánsfé, og þá batnar samkeppnishæfni útflutningsgreina og einnig heimaframleiðslu. Innflutningsgreinar gefa því eftir við þessar aðstæður.

„Þetta er almennt talið vera einn helsti kostur flotgengisstefnu að stefnan gefur hagkerfum landa sveigjanleika“ (Gylfi Zoega, 2009, bls. 4).

Annar stór kostur fljótandi gjaldmiðils er sjálfstæð peningamálastefna sem gerir seðlabanka hvers lands kleift að ákvarða vexti með það fyrir augum að minnka eða auka við innlenda eftirspurn, þ.e.a.s. hagstjórn verður möguleg með stjórnþækjum peningamála (Gylfi Zoega, 2009). Því ætti hagkvæmni að aukast. Gengið er eins og hvert annað verð og ræðst af framboði og eftirspurn og nýting gjaldeyris er því hámarkað á markaði.

4.1.2 Ókostir flotgengisstefnu

Einn stærsti ókosturinn við það að nota flotgengi er sá að það getur leitt af sér miklar gengissveiflur. Þótt sveigjanlegt raungengi geti verið kostur, þá eru sveiflur gengis fljótandi gjaldmiðla oft mjög miklar.

Einnig getur flotgengi leitt til þess að óstöðugleiki verði á markaði landa, þannig að það hamli því að eðlileg framþróun verði í viðskiptum sem og framleiðslu. Það getur leitt til efnahagskreppu í þeim löndum sem styðja sig við þessa gengisstefnu (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Því er það mögulegt að lönd lendi í miklum vandræðum með utanríkisviðskipti, sér í lagi vegna þess að gengissveiflur eru það miklar.

„Gengissveiflur bitna á rekstri fyrirtækja og markaðsstarfi í útlöndum og vernda því fákeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Þetta gerist vegna þess að erlend fyrirtæki veigra sér við að leggja í kostnað við að koma inn á markað hér á landi vegna óvissu um framtíðarþróun og því getur þessi stefna dregið mjög úr fjárfestingum“ (Gylfi Zoega, 2009, bls. 5).

4.2 Fastgengi

Með fastgengisstefnu er verið að reyna að tryggja stöðugleika í gengismálum með því að halda genginu föstu gagnvart öðrum gjaldmiðli eða þá myntkörfu.

Margar mismunandi útgáfur eru til af fastgengisstefnunni, t.d. einhliða fastgengi, myntbandalag og tenging við einhverja samsetningu af myntkörfu, það er að segja myntráð. Allar þessar leiðir verða skoðaða betur í næsta kafla sem kostir í framtíðarmöguleikum Íslands í gengismálum.

Einnig er til tvíhliða fastgengisstefna, þar sem lönd ná samkomulagi við annað myntsvæði um það að halda innbyrðis gengi gjaldmiðlanna föstu. Þetta er ekki raunhæfur möguleiki fyrir Íslendinga og því verður ekki fjallað meira um hann í þessari ritgerð.

Hægt er að útfæra þessa stefnu á margar mismunandi vegu, gengið getur verið algjörlega fast við annan gjaldmiðill eða hreyfst um miðgengið innan ákveðinna vikmarka (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

4.2.1 Kostir fastgengisstefnu

Kostir fastgengis eru stöðugleiki í gengismálum, sem ýtir undir erlend viðskipti og fjárfestingu og glæðir með því móti hagvöxt til langs tíma litið (Þorvaldur Gylfason, 2001).

Þar sem gengið er alltaf á sama stað, eiga aðilar sem eru í útflutningi sem og innflutningi aukna möguleika á því að geta gert ákveðnar langtímaáætlanir, án þess að þurfa að kvíða hækkun eða lækkun á genginu.

Einnig gerir fastgengisstefna það að verkum að stjórnvöld eiga auðveldara með það að halda aftur af verðbólgu og halda uppi öflugri utanríkisverslun sem og hagvexti í landinu til lengri tíma.

Einnig er það kostur trúverðugrar fastgengisstefnu að flæði fjármagns á milli landa verður meira sem og það að fjármáلامarkaðir eru líklegir til þess að þróast og verða dýpri þegar gengið er fast, einkum og sér í lagi vegna minni gengisáhættu (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

4.2.2 Gallar fastgengisstefnu

Einn stærsti gallinn við það að hafa fast gengi felst í ósveigjanleika þess þegar að kreppir. Þetta er einkum sökum þess að hendur þjóða eru í raun og veru bundnar, sérstaklega hvað varðar peningamál.

Því lenda hagkerfi sem búa við fastgengisstefnu oft í erfileikum vegna ýmissa vandamála sem upp geta komið, sem dæmi má nefna vaxtabreytingar erlendis og breytingar á viðskiptakjörum (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Fastgengisstefna getur leitt til þess að árás spákaupmanna getur valdið skyndilegri og mikilli gengislækkun. Sagan hefur að geyma fjölmörg dæmi um „vel heppnaðar“ árásir spákaupmanna á gjaldeyrismarkaði.

„Það gerðist í Svíþjóð haustið 1992 þegar spákaupsmennska hafði gríðarlega mikil áhrif á gengið. Svipaða sögu er hægt að segja af því sem gerðist í Bretlandi 1992, Mexíkó 1994 og Asíu 1998“ (Magnús Pálmi Örnólfsson, 2000).

Fastgengisstefna gerir það einnig að verkum að lönd missa sjálfstæða peningastefnu. Með því að missa þetta sjálfstæði geta lönd því ekki brugðist sérstaklega við áföllum sem geta komið upp. Seðlabanki Íslands hefur fjallað í riti um áhrif fastgengisstefnu hér á landi og þar segir meðal annars:

Fastgengisstefnu geta hins vegar fylgt gallar sem í meginatriðum felast í því að sjálfstæðri peningastefnu verður ekki beitt í því skyni að mýkja samdráttaráhrif innlends efnahagsáfalls með lækkun vaxta og gengis krónunnar. Peningastefnan ákvarðast þess í stað í því ríki sem gefur út gjaldmiðilinn sem gengi krónunnar er fest við (eða er ákveðin sameiginlega í gjaldmiðlabandalagi með heildarhagsmuni bandalagsríkjanna í huga). Þetta er sérstaklega slæmt í því tilviki þar sem hagsveiflan er ósamhverf, þ.e. ef t.d. niðursveifla er á Íslandi en uppsveifla í ríkin sem gengi krónunnar er fest við. Í því tilviki gæti farið saman aukið peningalegt aðhald í kjarnaríkinu á sama tíma og þörf væri á auknum peningalegum slaka hér á landi. Fastgengisstefnan væri þá til þess fallin að auka á efnahagssamdráttinn hér á landi. (Seðlabanki Íslands, 2010, bls. 22).

5. Framtíðarmöguleikar Íslands

5.1 Hin ómögulega þrenning

Allar þjóðir standa frammi fyrir valkostum í gengismálum. Ómögulegt er að uppfylla allar þær væntingar sem þjóðir hafa til gjaldmiðils, samkvæmt Mundell-Fleming líkaninu um hina ómögulega þrenning í peningamálastjórn⁵. Líkanið segir að þjóðir geti ekki náð að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði í einu, en þau eru stöðugt gengi, alþjóðaviðskipti og sjálfstæður seðlabanki (Bordo, 2003).

Það væri samt ákjósanlegast fyrir þjóðir að ná að uppfylla öll þessi skilyrði en samkvæmt líkaninu geta þjóðir það ekki og því þurfa þær að fórna einu af þessu skilyrðum. Ísland er ekki undanskilið þessari kenningu.

Þegar þrenningin er skoðuð út frá stöðu Íslands í dag, þá má sjá að gengi íslensku krónunnar nokkuð stöðugt sem og það að Seðlabankinn er undir stjórn þjóðarinnar. Þrátt fyrir það er þó erfitt að segja að gengið sé mjög stöðugt, í ljósi þess að hér á landi ríkja gjaldeyrishöft, þannig að flæði fjármagns inn og út úr landinu er ekki frjálst, eins og það ætti í raun og veru að vera.

Geta Íslendingar komist af án alþjóðaviðskipta? Það er mjög einfalt svar við því. Svarið er: Nei.

Það að fórna alþjóðaviðskiptum myndi hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, þar sem alþjóðaviðskipti eru Íslandi mjög mikilvæg. Ísland myndi mjög líklega þurfa að segja upp EES samningum og í raun þurfa að loka landinu með öllu (Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2009). Þessi leið er auðvitað ekki raunhæf, en tæknilega séð myndi hún tryggja stöðugleika í gengi og sjálfstæðan gjaldmiðil.

Þar sem við þörfumst alþjóðaviðskipta, þá þurfum við annað hvort að hætta með stöðugt gengi eða sjálfstæðan seðlabanka. Þá vaknar sú spurning hvaða möguleikar bjóðist þá í gegngismálum. Hér á eftir verða raktir þeir fjórir kostir sem eru hvað raunhæfastir í framtíðinni varðandi gengismál á Íslandi.

⁵ Impossible Trinity.

5.2 Halda krónunni

Einn sá valkostur sem stendur Íslandi til boða er einfaldlega það að halda núverandi mynt, það er að segja að halda okkur við íslensku krónuna sem hefur verið okkar lögeyrir í meira en öld.

5.2.1 Almennt um krónuna

Ísland hefur haft eigin gjaldmiðil allt frá árinu 1885 þegar fyrstu íslensku seðlarnir voru gefnir út hér á landi.

Margir hverjir tengja íslensku krónuna við fullveldis- og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Sjálfstæð mynt er talin hluti af því að reka hér sjálfstætt ríki. Þær efnahagsþrengingar sem nú steðja að Íslendingum hafa fært umræðuna upp á hærra plan. Rætt er um það hvort ekki sé kominn tími til þess að kasta krónunni, til þess að unnt sé að ná hér fram þeim efnahagslega stöðugleika sem virðist hafa sárlega skort í mjög langan tíma.

Í desember 2010 kom út mjög merkilegt rit frá Seðlabanka Íslands sem ber nafnið *Peningastefnan eftir höft* en þar segir meðal annars:

Fram til ársins 1920 var íslenska krónan á pari við dönsku krónuna en á því ári var ákveðið að skrá gengi hennar sérstaklega. Gengi dönsku krónunnar er nú um 20 íslenskar krónur. Ef tekið er tillit til myntbreytingarinnar árið 1981 er gengi dönsku krónunnar u.þ.b. 2.000 gamlar íslenskar krónur. Verðgildi krónunnar gagnvart hinni dönsku er því aðeins 0,05% af því sem það var árið 1920, sem jafngildir rýrnun um 99,95% á þessu 90 ára tímabili. Kaupmáttur krónunnar gagnvart neysluvörum og þjónustu hefur rýrnað enn meir. Miðað við vísitölu neysluverðs í heild (VNV) nam virði hveðrar krónu í júní árið 1944 7.147 gömlum krónum (71,47 nýkrónum) í ágúst sl. Ef miðað er við VNV án húsnæðis er hlutfallið hins vegar 10.337 gamlar krónur (103,37 nýkrónur) sem jafngildir því að verðgildi krónunnar hafi rýrnað um 99,99%. Saga peningastefnu og gjaldmiðlamála á Íslandi er því þyrnum stráð allt frá upphafi, óháð því hvernig gengis- og peningastefnan hefur verið útfærð (Seðlabanki Íslands, 2010, bls. 10).

Þegar þetta er sett í samhengi við það ástand sem myndaðist hér á landi, þá er nokkuð skýrt að krónan hefur ekki reynst Íslendingum vel í gegnum tíðina með því að rýrna jafnmikið í verði eins og raun ber vitni. Það að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil hefur þó ekki alltaf reynst okkur illa.

Gengisfellingar voru mjög algengar áður fyrr og hjálpuðu til við að hverfa frá þeim haftabúskap sem var hér á land.

„Án gengislækkunar hefðu efnahagsumbættur viðreisnarstjórnarinnar leitt til mikils halla á erlendum viðskiptum og gjaldeyriskreppu og sett hagkerfið allt á annan endann“ (Þorvaldur Gylfason, 2001, bls. 1).

Því hefur verið haldið fram að gengisfellingarstefnan íslenska hafi viðhaldið háu atvinnustigi áratugum saman. Og með henni hafi hagur útflutningsgreina verið settur í forgang umfram beinan hag annarra þátttakenda í hagkerfinu (Vilhjálmur Þorsteinsson, 2009).

Staðan er samt sem áður þannig í dag að gengisfelling er varla raunhæfur kostur til þess að koma okkur úr þeim vanda sem við erum í. Með því að fella gengið sköpum við ekki þá tiltrú á markaðnum sem nauðsynleg er. Það þurfa aðrar leiðir að koma til svo íslenska krónan geti haldið áfram að vera sá gjaldmiðill sem notast verður við hér á landi á komandi ár.

5.2.2 Kostir krónunnar

Kosturinn við það að halda krónunni er sá að hún getur tekið mið af okkar eigin efnahagsástandi hverju sinni, þannig að hagkerfið ætti að verða fljótara að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Það að viðhalda íslensku krónunni gerir það að verkum að beita má gengisfalli og bæta þannig mjög hratt skammtímarekstrarstöðu útflutningsfyrirtækja. Þannig má draga úr niðursveiflu með skjótum hætti og úr samfélagslegum átökum (Ívar Jónsson, 2009).

Með því að halda krónunni verður Ísland er ekki háð einu svæði umfram annað í utanríkisviðskiptum, á grundvelli þess gjaldmiðils sem er notaður, heldur getur átt viðskipti við hvaða þjóð sem er.

5.2.3 Gallar krónunnar

Veikleiki krónunnar er smæð hennar úti í hinum stóra heimi alþjóðaviðskipta. Afar fáir aðilar vilja eiga viðskipti með hana af því að efnahagskerfi okkar er svo lítið og það sjá ekki margir sér hag í því að skipta við þjóð með svo lítinn gjaldmiðill.

Óhætt er að fullyrða að einn helsti ókostur krónunnar sé óstöðugleiki hennar. Þar sem íslenska hagkerfið er mjög lítið á alþjóðlegan mælikvarða, sem og vegna þess að landið er eyja, þá er það mjög háð innflutningi.

Vegna þess hafa gengissveiflur óhjákvæmilega áhrif á verðlagið sem getur sveiflast mjög mikið á stuttum tíma. Hin fljótandi krónan hefur þannig skapað vandamál sem hafa skert hag fyrirtækja og heimila (Gylfi Zoega, 2009).

Að halda í jafn lítinn gjaldmiðill og krónan er mun alltaf skapa umræðu um tilgang þess sem og hvort Íslandi væri einfaldlega ekki betur borgið með stærri gjaldmiðil. Smæð krónunnar gerir að verkum að í alþjóðlegu tilliti þarf ekki mikið til þess að hreyfa við gengi hennar. Af þeim sökum er auðvelt fyrir ýmiss konar spákaupmenn að beita skortkaupum og skjóta hana í kaf með snörpu áhlaupi í von um skjótfenginn gróða (Eiríkur Bergmann, 2006).

5.2.4 Hvað þarf að gera til þess að halda krónunni?

„Að framfylgja sjálfstæðri peningastefnu á grundvelli verðbólguþolmarkmiðs í jafn smáu hagkerfi og hinu íslenska mun að öllum líkindum ávallt verða erfiðara viðfangs en á stærri gjaldmiðlasvæðum“ (Svein Harald Øygard, 2009, bls. 24).

Á þeirri vegferð sem leitt hefur til 99,95% rýrnunar íslensku krónunnar umfram þá dönsku, þá hefur gengismálum verið háttað á ýmsa vegu, eins og fyrir segir. Stóra spurningin er þó sú hvort það sé eingöngu vegna þess fyrirkomulags sem er í gengismálum eða hvort það sé bland af því og skorti á aga í hagstjórn hér á landi.

Oft á tíðum var stefnan í opinberum fjármálum mjög á skjön við stefnuna í peningamálum og jók það á neikvæð hliðaráhrif peningalegs aðhalds (Seðlabanki Íslands, 2010).

Til þess að hér sé hægt að lifa mannsæmandi lífi með íslensku krónuna, þarf að efla tiltrú á henni sem og auka viðbúnað Seðlabankans til þess að takmarka vöxt fjármálakerfisins. Mikilvægast er að breyta peningastefnunni í átt að stefnu sem nær þeim árangri sem til er ætlast, en árangur þeirrar peningastefnu sem tekin var upp snemma á þessum áratug hefur ekki reynst nægur (Seðlabanki Íslands, 2010).

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið frekar bitlitlir og eru í raun eina vopnið sem hann hefur til þess að tryggja peningalegan og fjármálalegan stöðugleika. Til þess að krónan nái að þrífast hér á landi þarf algjörlega að breyta peningastefnunni sem og umgjörðinni.

Ef ákveðið verður að halda þeirri peningastefnu sem styðst við verðbólguþröngunarmarkmiðið, þá hlýtur að vera kominn tími til þess að meta hvort núverandi markmið hennar séu raunhæf. Ef að árangur núverandi stefnu er skoðaður, þá er í það minnsta augljóst að árangurinn er mjög slakur.

„Reynslan hefur sýnt okkur að ekki er hægt að nota vaxtataekið eitt og sér til að tryggja bæði verðstöðugleika sem og fjármálalegan stöðugleika hvort sem það er hér á landi eða annarsstaðar“ (Seðlabankinn, 2009, bls. 4). Til þess þurfa seðlabankar fleiri stjórnþætti sem hjálpa til við að tryggja þann stöðugleika sem öll lönd sækjast eftir að ná í sínum efnahag.

Koma þarf fram með nýja raunhæfa stefnu sem allir aðilar á markaði geta verið sáttir við. Aðeins með breytingum á núverandi fyrirkomulagi, samvinnu seðlabanka, ríkisstjórnar og atvinnulífsins væri hægt að skapa hér trúverðuga stefnu sem skapar tiltrú á krónuna.

Ef krónunni verður haldið til frambúðar, þá duga engar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að spákaupmennska magni upp sveiflur á gjaldmiðlinum. Það er einfaldlega vegna þess að krónan er og verður alltaf örmynt í hafsþjóðheimsviðskipta.

Margir hverjir telja að tími krónunnar sé í raun liðinn og það eina sem haldi henni gangandi séu þau gjaldeyrishöft sem sett voru á hana hinn 10. október 2008, sem miðuðu að því að hefta tímabundið útlæði gjaldeyris (Seðlabanki Íslands, 2009).

Staðreyndin er sú að þótt gjaldeyrishöftin hafi verið talin nauðsynleg til þess að koma á stöðugleika í íslenskum þjóðarbúskap, í kjölfar fjármálakreppunnar í október 2008, er mikilvægt að afnema höftin til þess að koma efnahagsaðstæðum í eðlilegt horf (Seðlabanki Íslands, 2009). Til þess að geta lifað af hér á landi með íslensku krónuna, þarf hún að geta flotið eins og hún á að gera, án þess að vera í fjötrum hafta.

Stærsta hindrun þess að unnt sé að endurreisa hér efnahagslífið er sá mikli ótti við það að krónan muni veikjast þegar höftin verða afnumin. Ef við ætlum að láta þennan ótta stjórna okkur, þá mun krónan ekki fá að fljóta að nýju og haftakrónan verður sá gjaldmiðill sem við Íslendingar munum þurfa að lifa við um ókomna tíð.

Þannig að til þess að lifa af með krónuna, þá þarf að afnema gjaldeyrishöft, koma með nýja raunhæfa peningastefnu, efla tiltrú á krónunni, auka viðbúnað Seðlabankans til þess að takmarka vöxt fjármálakerfisins sem og auka áhrif þeirra stjórnþækja sem hann hefur.

5.3 Evrópusambandið

Upphaf Evrópusamvinnunnar, má rekja til Schuman-yfirlýsingarinnar frá 9. maí 1950 (Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB, 2007). Í kjölfar yfirlýsingarinnar var Kola- og stálbandalag Evrópu stofnað, með undirritun Parísarsáttmálans 18. apríl 1951, og segja má að það hafi verið upphafið á ESB í þeirri mynd sem við þekkjum það í dag.

ESB er einstakt samband sem var stofnað í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar og ætlað að koma í veg fyrir það að ríki í Evrópu færu í stríð hvert við annað.

Í rúmlega hálfra öld hefur ESB tryggt frið og mikla hagsæld í Evrópu (Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB, 2007).

Aðildarríki ESB eru 27 talsins: Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland (Evrópusambandið, 2010).

Stefna ESB er sú að öll ný aðildarríkin taki þátt í myntbandalaginu og taki þannig upp evruna um leið og löndin uppfylla öll þau skilyrði sem þeim eru sett. Ísland yrði ekki undanþegið þessu ef það yrði aðili að ESB.

Ríkisstjórn Íslands hefur sótt um aðild að ESB en það var samþykkt á Alþingi 16. júlí 2009 og formleg umsókn var lögð inn þann 23. júlí 2010 (Forsætisráðuneytið, 2009).

5.3.1 Ísland í evrópsku samstarfi

Segja má að saga Íslands sé nátengd efnahagslegri, menningarlegri sem og pólitískri sögu annarra Evrópulanda. Norræn samvinna hefur einnig verið lykilþáttur í utanríkisstefnu Íslands og hefur þjóðin tekið þátt í starfi ýmissa stofnana, m.a. Evrópuráðsins, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

„Ísland er einnig stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu (NATO), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)“ (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

Segja má að Ísland sé í eins nánu samstarfi við ESB eins og mögulegt er án aðildar og landið hefur þegar tekið upp stóran hluta þess regluverks sem er innan ESB.

5.3.1.1 EFTA

Segja má að Evrópuvæðing Íslands hafi hafist með aðildinni að EFTA árið 1970. Þá hófst aðlögun íslensks efnahagslífs að evrópskum mörkuðum (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

Það eru meira en 50 ár liðin frá undirritun Stokkhólmssáttmálans þann 3. maí 1960 sem er stofnsáttmáli EFTA (Fríverslunarsamtaka Evrópu) (Utanríkisráðuneytið, 2010). Samtökin voru upphaflega stofnuð af sjö ríkjum sem annað hvort gátu ekki gengið eða vildu ekki ganga í Efnahagsbandalag Evrópu sem núna er ESB .

Þessi lönd voru Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð og Sviss. Ísland gerðist aðili að EFTA 10 árum síðar, þann 22. janúar 1970, og tók aðildin gildi 1. mars 1970 (Utanríkisráðuneytið, 2010).

„Árið 1972 var undirritaður umfangsmikill fríverslunarsamningur milli Íslands og Evrópubandalagsins, sem fyrst og fremst náði til vöruviðskipta“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 76). Segja má að samningur þessi hafi liðkað verulega fyrir viðskiptum á milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Samningur þessi hafði gríðarleg áhrif á efnahagslíf okkar Íslendinga, því í kjölfar undirskriftar lækkaði vöruverð til muna á fjölmörgum innflutningsvörum vegna lækkunar innflutningsgjalda. Einnig gerði samningurinn það að verkum að íslenskar vörur áttu mun greiðari leið að evrópskum neytendum (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

Auk Íslands eru Noregur og Sviss enn aðilar að EFTA, að viðbættu Liechtenstein sem gerðist aðili að samtökunum árið 1991. Önnur EFTA ríki sem voru stofnaðilar að samningum hafa gengið í Evrópusambandið.


5.3.1.2 EES-samningurinn

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði (EES samningurinn) var undirritaður í Portúgal árið 1992. Samningurinn var lögfestur hér á landi með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og gekk í gildi 1. janúar 1994 (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

EES samningurinn nær til 27 aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA ríkjanna (Íslands, Liechtenstein og Noregs). Sviss er eina EFTA-ríkið sem stendur utan EES en aðild að samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu þar í landi.

Samningurinn tryggir Íslandi aðgang að innri markaði ESB og þátttöku í ýmsum upplýsinga- og styrktaráætlunum sem mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir njóta góðs af (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

EES samningurinn veitir þó ekki ríkjum utan ESB aðgang að landbúnaðar- og fiskveiðimálum, sameiginlegri viðskiptastefnu, sameiginlegri utanríkis- og öryggisstefnu, dómsmálum og innanríkismálum.



Mynd 5.1 Lönd innan ESB og EFTA. Heimild: Eiríkur Bergmann Einarsson

Eitt af grundvallarskilyrðunum við gerð EES samningsins var að samningsaðilar ESB og sérhvert EFTA ríki héldu sjálfræði sínu til ákvarðanatöku.

Samningurinn felur því ekki í sér framsal á löggjafarvaldi til stofnana EES, heldur er löggjafarvaldið áfram alfarið í höndum þjóðþinga ESB og EFTA ríkjanna. En hvert er

markmiðið með stofnun EES og hvaða hag hafa ríki haft af aðild sinni að evrópska efnahagssvæðinu?

Markmið EES samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnis skilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér: a) frjálsa vöruflutninga; b) frjálsa fólksflutninga; c) frjálsa þjónustustarfsemi; d) frjálsa fjármagnsflutninga (Utanríkisráðuneytið, 2007).

Þetta fjórfrelsi, eins og þetta er oft kallað, hefur gert það að verkum að samkeppnin hefur aukist til muna í þeim löndum sem samningurinn nær til. Með virku eftirliti á markaðnum, þá hefur þessi aukna samkeppni orðið til þess að lækka vöruverð og auka framboð sem og eftirspurn í löndunum, sem reynslan hefur sýnt að komið hefur að góðum notum, ekki síst fyrir íslenska neytendur.

Ef EES samningurinn væri ekki fyrir hendi má fullyrða að margvísleg neytendavæn löggjöf hefði ekki enn náð fram að ganga í íslenskum rétti (Jón Magnússon, 2003).

Íslendingum myndi nú finnast það mjög furðulegt að útflutningsvörur þeirra fengju ekki sjálfkrafa vottun á hina svokölluðu innri markaði ESB, sem og ef þeir fengju ekki að starfa sem og fjárfesta innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þessir hlutir sem þeim finnst sjálfsagðir í dag væru ekki til staðar nema vegna EES samningsins. Því má alla vega segja það, að með undirritun samningsins á sínum tíma hafi nýtt tímabil hafist hér á landi, tímabil minni hafta sem og frjálsara flæði fjármagns inn í sem og út úr landinu.

5.3.1.3 Schengen samstarfið

Þau lönd sem upphaflega stofnuðu til Schengen samstarfsins eru eftirtalin:

Þýskaland, Belgía, Frakkland, Lúxemborg, Holland, Ítalía, Spánn, Portúgal, Grikkland og Austurríki. Síðar bættust við Norðurlöndin, það er að segja Finnland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur og Ísland, en þau lönd gengu formlega inn í samstarfið 25. mars árið 2001 (Evrópusambandið, 2010).



Mynd 5.2 Aðildarlönd að Schengen. Heimild: AXA Schengen. (e.d.)

Kjarni Schengen samstarfsins felst annars vegar í því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar í því að styrkja baráttuna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Þannig gengur samstarfið út á það að leggja niður landamæraeftirlit innan Schengen svæðisins. Með því geta ríkisborgar landa innan Schengen ferðast frjálst um allt svæðið.

Eins og staðan er í dag eru 25 ríki aðilar að þessu samkomulagi. Það eru Austurríki, Belgía, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Holland, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Slóvenía, Spánn og Svíþjóð, en allt eru þetta lönd sem eru innan ESB (Utanríkisráðuneytið, e.d.).

Einnig eiga þrjú önnur ríki aðild að Schengen, en það eru Noregur, Ísland og Sviss. Schengen svæðið er stórt og víðfeðmt og talið er að íbúar á svæðinu séu rétt rúmlega 400 milljónir (Evrópusambandið, 2010).

Aðild Íslands í öllum þessum samningum á síðustu áratugum hefur tryggt landinu aðgang að miklu af því sem Evrópusambandið hefur upp á að bjóða.

5.3.2 Efnahags- og myntbandalagi Evrópu

Aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) er skilyrði fyrir upptöku evrunnar og eru öll 27 aðildarríki ESB aðilar að EMU. Danmörk og Bretland hafa kosið að taka ekki upp evruna og eru með sérstaka undanþágu sem heimilar það.

Danir eru þó með tvíhliða tengingu við evruna. Þau ríki sem eru í ESB en eru ekki ennþá búin að taka upp evruna munu gera það um leið og þau uppfylla skilyrði fyrir upptöku evrunnar (Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB, 2007).

Með stofnun EMU varð til næst stærsta gjaldmiðilssvæði í heimi á eftir Bandarískum dollara. Evrusvæðið nær til um yfir 300 milljóna manna og saman eiga ríki Evrópusambandsins um fimmtung af allri þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskiptum veraldar (Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB, 2007).

Stofnun EMU má telja til stærstu og mikilvægustu atburða á sviði gjaldmiðlamála á síðustu öld.

Evrán hefur útilokað óvissu tengda gengisbreytingum og auðveldað ferðalög og viðskipti á milli landa. Einnig hafa þjóðir heims sem og ferðalangar sparað gríðarlega mikla fjármuni á því að þurfa ekki stöðugt að breyta gjaldmiðli í annan miðil í þeim löndum sem þau stunda viðskipti við.

Á evrusvæðinu er rekin sameiginleg peningamálastefna og þar ríkir sama vaxtastig í öllum löndum sem eiga aðild að EMU.

Seðlabanki Evrópu, sem hefur aðsetur í Frankfurt, fer með yfirstjórn peningamála á evrusvæðinu og ákveður vaxtastig. Bankinn hefur haft það að leiðarljósi að halda verðbólgu í skefjum (Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB, 2007).

„Samstarfið um efnahagsstefnu innan EMU tekur til samræmds aðhalds í ríkisfjármálum í löndunum sem og hefur þá stefnu að hafa stöðugt verðlag. Aðildarríkin hafa gert með sér samkomulag um stöðugleika og vöxt“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 65).

5.3.3 Maastricht skilyrðin

Í umsókn Íslands um aðild að ESB felst einnig umsókn um upptöku evru hér á landi. „Sá möguleiki er ekki lengur fyrir hendi innan ESB að aðildarríkin haldi í eigin gjaldmiðil til langframa, eins og Danir, Svíar og Bretar hafa gert“ (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2009, bls. 17).

Strax við mögulega inngöngu þarf því ríkisstjórnin að setja sér raunhæf markmið til þess að geta uppfyllt Maastricht skilyrðin sem er nauðsynlegt fyrir upptöku evru hér á landi sem og fyrir önnur lönd sem ákveða að ganga inn í ESB og taka upp evru (Gylfi Zoega, 2009). Þau ríki sem ákveða að gerast aðilar að EMU þurfa að uppfylla fimm skilyrði sem sett eru fram í Maastricht skilyrðunum:

1. Verðbólga má ekki vera nema 1,5% yfir meðalverðbólgu þeirra þriggja ríkja sem hafa lægsta verðbólgu í ESB.
2. Langtímavextir mega ekki vera nema 2% hærrí en í þessum sömu ríkjum.
3. Halli á rekstri hins opinbera má ekki fara yfir 3% af landsframleiðslu (VLF).
4. Heildarskuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu (VLF).
5. Ríkin þurfa að hafa verið aðilar að gengissamstarfi Evrópusambandsins (ERM) í að minnsta kosti tvö ár, áður en af EMU aðild getur orðið og án gengisfellinga og innan vikmarka (Gylfi Zoega, 2009).

Þau nýju ríki sem ganga í ESB og ná að uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess að gerast meðlimir EMU, munu njóta góðs af því gríðarlega sterka hagkerfi sem Evrópusambandið er og þess hversu sterk evran er að verða á heimsmarkaði, sem annar stærsti viðskiptagjaldmiðill heims (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2009).

5.3.4 Kostir evrunnar

Stöðugleiki er einn helsti kostur evru og því mun þjóð eins og Ísland búa við slíkar aðstæður, ef að slíku samstarfi myndi verða, í stað þeirrar sveiflandi krónu sem verið hefur hér á landi (Forsætisráðuneytið, 2007).

Verðbólga vegna hruns íslensku krónunnar gagnvart þeim þjóðum sem hafa evru hverfur og hin ósanngjarna verðtrygging sem hefur verið við lýði hér á landi mun heyra sögunni til.

Þetta yrði gífurleg kjarabót fyrir almenning og til mikilla hagsbóta fyrir fyrirtækin í landinu. Gengissveiflur innan evrusvæðisins myndu hverfa, en evran sveiflast gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Gengisáhætta myndi því ekki hverfa en hún myndi minnka frá því sem nú er (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

Það getur reynst mjög kostnaðarsamt að flytja fjármagn á milli landa með mismunandi gjaldmiðlum, það er að segja þegar tekjur eru í einum gjaldmiðli en útgjöld eru í öðrum. Með aðild að evrusvæðinu yrði þessari óvissu eytt gagnvart stærsta markaði Íslands og telja má að aukinn stöðugleiki muni síðan komast á í viðskiptaumhverfi fyrirtækja landsins (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003).

Með upptöku evrunnar hér á landi myndu vextir mjög líklega lækka sem nemur þeim vaxtamismun sem hefur verið til staðar á milli evrusvæðisins og Íslands (Eiríkur Bergmann Einarsson, 2003). Upptaka evrunnar myndi því leiða til lægri vaxta innanlands miðað við það ástand sem ríkt hefur í íslensku efnahagslífi síðustu árin. Þó er það ekki sjálfgefið að vaxtastigið innanlands verði það sama og á helstu mörkuðum í Evrópu. Vaxtastig innan evrusvæðisins er ekki alls staðar það sama, þótt munurinn sé ekki eins mikill og á milli ólíkra myntsvæða (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

5.3.5 Gallar evrunnar


„Einn veigamesti ókosturinn sem oft hefur verið nefndur varðandi upptöku evru er að þar með glattist sjálfstæði í peningamálum sem sé mikilvægt hagstjórnartæki“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 138).

Ekki væri hægt að bregðast við þenslu með því t.d. að hækka vexti og afleiðingin af því gæti orðið aukið atvinnuleysi (Forsætisráðuneytið, 2007). Með því að afsala sér stjórn peningamála verður ekki lengur hægt að bregðast við þeim áföllum sem geta orðið í innlendu efnahags- og atvinnulífi.

Hætta er á því þegar upptaka evru á sér stað að lönd muni upplifa sveiflukenndari verðbólgu vegna mismunandi fjármálakerfa innan ESB. Þar sem stýrivaxtaákvörðun verður í höndum Seðlabanka Evrópu, þá er mjög líklegt að sú ákvörðun muni ekki hafa sömu áhrif alls staðar og því er aukin hættu á sveiflukenndri verðbólgu.

Mjög erfitt er að álykta nokkuð um áhrif upptöku evru á hagvöxt á Íslandi. Lægri viðskiptakostnaður og óvissa ætti að öllu jöfnu að auka hagvöxt eða tækifæri til hagvaxtar (Forsætisráðuneytið, 2007).

Þegar mynd 5.3 er skoðuð og borinn saman hagvöxtur í evrulöndum og á Íslandi yfir átta ára tímabil, þá sést að hagvöxtur hefur verið mun minni á evrusvæðinu en á Íslandi. Því er spurningin sú hvort að upptaka evru muni draga úr möguleikum á því að auka hagvöxt meira en sem nemur hagvexti í öðrum evrulöndum.



Mynd: 5.3 Hagvöxtur á Íslandi og evrulöndum 2000-2008. Heimild: OECD

5.4- Myntráð

Með fyrirkomulagi myntráðs er sjálfstæði í peningamálum afnumið með lögum. Líkt og hjá ríki með seðlabanka, þá er myntráð sú stofnun sem sér um og fer með útgáfu mynta og seðla (Björn R. Guðmundsson, e.d.). Lagalegur rammi kveður á um fast og óbreytanlegt gengi við ákveðna grunnmynt og komið er á fót stofnun sem hefur það hlutverk að tryggja daglega umsýslu greiðslumiðlunarseðla (Björn R. Guðmundsson, e.d.).

Þannig geta ríki fest gengi gjaldmiðils síns gagnvart einum gjaldmiðli, t.d. evru eða dollar. Þetta væri gert þannig að stjórnvöld myndu byggja upp gjaldeyrisvaraförða í þeim gjaldmiðli sem það ætlar sér að nota og í tilfalli Íslands, þá þyrfti þessi forði að nema að minnsta kosti öllu grunnfé íslenska peningakerfisins.

5.4.1- Framkvæmd

Framkvæmdin á myntráði væri sú að safna gjaldeyrisforða í viðkomandi mynt og festa svo gengi innlends gjaldmiðils þegar gjaldeyrisforðinn er nægur til þess að geta keypt upp innlent peningamagn (Björn R. Guðmundsson, 2006).

Þetta merkir að allir eiga rétt á því að skipta innlendum gjaldmiðli (íslensku krónunni) í erlendan gjaldmiðil á föstu gengi hvenær sem þeim sýnist.

„En til þess að geta stofnað til myntráðs krefst það gjaldeyrisforða, trúverðugleika yfirvalda peningamála, trausts bankakerfis og sveigjanlegs vinnumarkaðar“ (Ársæll Valfells, e.d.). Eins og staðan er hér á landi í dag, þá er mjög erfitt fyrir Ísland að uppfylla fyrstu þrjú skilyrðin.


Hins vegar er vinnumarkaður sveigjanlegur hér á landi, sem myndi gera upptöku fastgengiskerfis auðveldari, ef sú leið yrði farin (Ársæll Valfells, e.d.).

5.4.2 Hvaða mynt

Við ákvörðun á því hvaða mynt ætti að taka upp hér á landi sem akkerismynt í myntráði myndi reynast best að taka hér upp stóra og stöðugan gjaldmiðil. Þar koma reyndar aðeins tveir gjaldmiðlar til greina. Annars vegar evran, sem er gjaldmiðill Evrópusambandsins, og hins vegar bandaríski dollarinn.

Þetta þarf að meta út frá því hvaða mynt við skiptum mest með í okkar útflutningi sem og hvaða mynt hefur mestu áhrifin á gengi íslensku krónunnar. Þegar skoðuð er mynd 5.4, sem sýnir útflutning á vörum frá Íslandi til ákveðinni markaðssvæða, sést að útflutningur til ESB landa telur um og yfir 80% af heildarútflutningi.

Samkvæmt þessu ætti það að vera hagstæðast fyrir Ísland að taka upp evru sem akkerismynt í myntráði, því þannig myndu sparast gríðarlegar fjárhæðir, eingöngu vegna þess að ekki þyrfti sífellt að vera að skipta um gjaldmiðil. Með þessu móti yrði sami gjaldmiðillinn notaður á báðum stöðum og það myndi skila sér í auknum stöðugleika og minni viðskiptakostnaði.



Mynd 5.4 Útflutningur eftir markaðssvæðum 2005-2009. Heimild: Hagstofa Íslands

5.4.3 Kostir Myntráðs

Kostur þess að taka upp myntráð er sá að með því er verið að fjarlægja þær viðskiptahindranir sem gætu falist í sjálfstæðum gjaldmiðli.

Með því að taka upp aðra mynt með myntráði er einnig verið að minnka viðskiptakostnað og gengisáhættu. Með myntráði við stærri öflugri mynt, myndi Ísland fá aðgang að stærri og betri fjármálamarkaði sem og tryggja framboði af stöðugu lánsfé (Geoffrey Wood, 2006).

„Annar stór kostur við myntráðsfyrirkomulagið er að verðbólga og vaxtastig ættu að haldast svipuð og á svæði akkerisgjaldmiðilsins“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 29).

5.4.4 Gallar Myntráðs

„Helsti galli þess að hafa myntráð er það að myntráðsfyrirkomulagið hefur hina sömu galla og aðrar útfærslur á fastgengisstefnum að ráðið býr ekki yfir hagstjórnartækjum til að bregðast við hagsveiflum,“ (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008, bls. 29).

Þetta er mjög mikill galli og getur gert það að verkum að þær aðstæður sem skapast, eins og til dæmis kreppa, geta reynst miklu erfiðari viðureignar en ella. Annar galli myntráðs er sá að sú freisting verður alltaf til staðar fyrir stjórnvöld að grípa inn í og setja gengið á flot til þess að laga raungengið (Ársæll Valfells, e.d.).

Þar sem myntráð krefst þess að trúverðugleiki á hagkerfið sé til staðar, þá myndi þetta leiða til þess að einstaklingar og fyrirtæki myndu fara að skipta innlendri mynt fyrir erlenda og peningamagni í landinu myndi skreppa saman. Við það yrði aukinn samdráttur sem myndi að lokum leiða til kreppu. Einnig getur söfnun og viðhald mikils gjaldeyrisforða orðið mjög kostnaðarsamt.

„Annað vandamál við myntráð er að geta Seðlabankans til að veita innlendum fjármálastofnunum þrautavaralán yrði meiri takmörkunum háð. Þetta skapar óvissu komi vandamál upp í fjármálakerfinu og gæti grafið undan stöðugleika þess, sérstaklega þegar staða þess er veik og traust skortir eins og um þessar mundir“ (Seðlabanka Íslands, 2010).

Reynslan af myntráði er næstum öll á einn veg. Reynslan er frekar slæm ef Hong Kong er undanskilin sem notast við dollara (Ársæll Valfells, e.d.). Myntráð hefur ekki verið tekið upp af sjálfstæðum iðnríkjum sem náð hafa þokkalegum árangri í efnahagsstjórn enn sem komið er, því flestar þjóðir hafa ákveðið að fara aðrar leiðir (Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson, 2001)

5.5 Einhliða upptaka annars gjaldmiðils

Ísland getur tekið upp einhliða annan lögeyri hér á landi að eigin vild og hvenær sem er, svo framarlega sem gjaldeyrisforði stjórnvalda nægi til þess að skipta grunnfé út fyrir þann gjaldmiðill sem um ræðir.

Það er þó mjög erfitt að fullyrða um það hvort að það sé hagkvæmur kostur að gera slíkt, einkum og sér í lagi ef það er ekki gert í samráði þann seðlabanka sem gefur út þá mynt sem yrði fyrir valinu.

Einhliða upptaka erlends gjaldmiðils, án samþykkis eða stuðnings útgefanda hans, er ekki sambærileg við þátttöku í myntbandalagi hvað varðar ábata og efnahagslegan stöðugleika. Það er ekki aðeins að landsmenn þyrftu sjálfir að bera kostnaðinn af myntskiptunum og töpuðu myntsláttuhagnaði um alla framtíð. Með því móti stæðu landsmenn einnig uppi án seðlaprentunarvalds og án nokkurra möguleika til þess að styðja við íslenskt fjármálakerfi meðtryggjum aðgangi að lausafé nema því aðeins að ríkisvaldið útvegaði evrur með einhverju móti, s.s. með erlendri lántöku. Án alþjóðlegs stuðnings við upptökuna yrði slíkur aðgangur aldrei að fullu tryggður. (Viðskiptaráð Íslands, 2009, bls. 55).

Oftar er þó talað um að þegar þjóðir ákveða að taka einhliða upp annan gjaldmiðill, þá sé það einkum vegna þess að þjóðir hafi gefist upp á eigin peningamálum (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

5.5.1 Framkvæmd


Einhliða upptaka annars lögeyris fæli það í sér að íslenska ríkið myndi nota gjaldeyrisforða landsins til þess að kaupa upp allar íslenskar krónur sem nú eru í umferð og myndi síðan setja í umferð þá mynt sem ákveðið væri að nota í staðinn.

Tæknilega séð fælist aðgerðin í því að kaupa út hina raunverulega seðlaprentun ríkisins, en lausafé innlánsstofnana myndi sjálfkrafa skipta um verðmæti (Viðskiptaráð Íslands, 2008). Seðlabanki Íslands myndi ákveða upphafsgengi gagnvart viðmiðunarmyntinni ef að þessi leið væri farinn og síðan verja það innan fyrirfram skilgreindra vikmarka.

5.5.2 Hvaða mynt á að nota?

Þegar utanríkisviðskipti Íslands eru skoðuð kemur í ljós að næstum helmingur vöruviðskipta Íslendinga er við evruríkin eða ríki sem hafa fastgengi við evruna, samanber mynd 5.5.

Samkvæmt mynd 5.5 um útflutninginn, þá er það nokkuð augljóst að það yrði hagkvæmast fyrir þjóðina ef einhliða upptaka ætti sér stað, að horfa til evrunnar, vegna þess hve miklu náatengdari við erum í raun við hana og hversu miklu meiri áhrif þau lönd sem nota hana hafa hér á landi.



Mynd 5.5. Vægi gjaldmiðilssvæða í vöruviðskiptum Íslands 2000-2009. Heimild: Hagstofa Íslands

5.5.3 Kostir einhliða upptöku

Bent hefur verið á það að einn af kostunum við þessa leið sé sá að hægt er að framkvæma hana á mjög skömmum tíma, eða jafnvel einum til tveimur mánuðum (Samtök iðnaðarins, e.d.).

Kostir slíkrar aðgerðar, það er einhliða upptaka evru, eru að sjálfsögðu aukinn efnahagslegur stöðugleiki og hagræði af beinni tengingu við það myntsvæði sem er mikilvægast í utanríkisviðskiptum Íslands.

Með einhliða upptöku evru myndi viðskiptakostnaður Íslands minnka mikið sem og sú gengisáhætta sem nú er til staðar. Innlendur gjaldmiðill myndi öðlast sama stöðugleika og evra gagnvart öðrum erlendum gjaldmiðlum (Viðskiptaráð Íslands, 2008).

Við upptöku evru munu nafnvextir verða nálægt því þeir sömu og í EMU, þó ekki nákvæmlega þeir sömu, því gera má ráð fyrir einhverju landsálagi fyrir Ísland. Með lækkun nafnvaxta munu raunvextir hér á landi lækka, sem mun vonandi hafa þau áhrif að hvetja hagkerfið áfram. Einnig er það svo að við upptöku evru væri verðtryggingin úr sögunni, eins og við þekkjum hana, mjög líklega til hagsbóta fyrir mjög marga í landinu.

5.5.4 Gallar einhliða upptöku

Upptakan á nýjum gjaldmiðli yrði kostnaðarsöm, því nota þarf gjaldeyrisforðann til þess að skipta út innlendu peningamagni, sérstaklega ef haft er í huga að umskiptin yfir í evruna yrðu ókeypis ef gengið yrði í EMU.

„Ljóst er að þessi upphæð nemur tugum milljarða. Að sama skapi myndi myntsláttuhagnaðar falla til handa Seðlabanka Evrópu. Afar ólíklegt verður að teljast að hægt væri að semja við Seðlabanka Evrópu um endurgreiðslu hluta myntsláttuhagnaðarins“ (Viðskiptaráð Íslands, 2008, bls. 77).

Með upptöku á nýjum gjaldmiðli er verið að setja peningalegan og fjármáalegan stöðugleika í hendurnar á öðrum. Til dæmis með upptöku á evru, þá flyst þetta yfir á Evrópska Seðlabankann, þó án þess að hann taki í raun ábyrgð, þar sem landið er ekki aðili að ESB (Seðlabanki Íslands, 2010)

Einnig er veigamikill ókostur að möguleikar Seðlabankans til að veita lausafjáraðstoð eða vera lánveitandi til þrautavara myndu að öllu leyti takmarkast af evrueign bankans. Til viðbótar hefur skýrt komið fram að einhliða upptaka evrunnar yrði gegn vilja Evrópska Seðlabankans og Evrópusambandsins. Vafamál er því hvort innlend fjármálafyrirtæki hefðu tryggan aðgang að lausafjárfrýrgreiðslu frá Evrópska Seðlabankanum (Seðlabanki Íslands, 2010, bls. 26).

Með einhliða upptöku á evru myndu Íslendingar missa sjálfstæði sitt í peningamálum og hefðu ekki stjórn á ákveðnum aðstæðum sem upp gætu komið, eins og áður hefur verið greint frá. Ef að Ísland myndi einhliða taka upp evru hér á landi er það næsta víst að það yrði gert í óþökk Seðlabanka Evrópu og því nýtu Íslendingar ekki stuðnings við nýja peningamálastefnu. (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008).

6. Hagkvæmt myntsvæði

6.1 Kenning Robert Mundell

Robert Mundell er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði. Hann setti fram kenningu um það hvaða skilyrði hagkvæmt myntsvæði þyrfti að uppfylla, til þess að geta dregið úr þeim viðskiptakostnaði og gengisáhættu sem fylgir því að hafa stærra myntsvæði (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

Mundell setur það fram í kenningu sinni að lönd sem ætli sér að mynda sameiginlegt myntsvæði þurfi að uppfylla eitt af þremur skilyrðum (Robert Mundell, 1961).

Skilyrði Mundell eru eftirfarandi:

1. Hagsveiflur verða að slá í takt á meðal landa myntsvæðisins og þá verður sjálfstæð peningamálastefna óþörf.
2. Nafnlaun verða að vera nægjanlega sveigjanleg til þess að geta lækkað þegar neikvæður skellur verður á einum stað og hækkað annars staðar. Þannig helst atvinnustigið stöðugt, þrátt fyrir að hagsveiflurnar geri það ekki. Vinnumarkaðurinn aðlagar sig, þrátt fyrir ósamhverfa hagsveiflu á milli landamyntsvæðisins, án þess að sjálfstæðri peningamálastjórn sé beitt á einstökum svæðum.
3. Vinnuafli þarf að vera nægjanlega hreyfanlegt innan myntsvæðisins. Með því er átt við að fólk flytji af þeim svæðum þar sem skortur er á atvinnu á þau svæði þar sem einhverja atvinnu er að hafa.

Athyglisvert er að Evrópusambandið sjálft uppfyllti trúlega ekkert þessara skilyrða þegar ákvörðun var tekin um sameiginlegan gjaldmiðil (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007).

6.2 Evran hagkvæmt myntsvæði fyrir Ísland?

Samkvæmt kenningu Mundell er erfitt að svara því nákvæmlega hvort að evran teljist hagkvæmt myntsvæði fyrir Ísland eða ekki. Ísland uppfyllir þó eitt skilyrði og ætti það að vera nóg.

Rannsóknir hafa sýnt fram á það að hagsveiflur á milli Íslands og ESB eru ekki í takti (Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005) og því uppfyllum við ekki fyrsta skilyrðið. Það verður að teljast mjög óljóst að Ísland uppfylli annað skilyrði Mundell um sveigjaleika launa, þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á það að sveigjanleiki launa hér á landi hefur fyrst og fremst birst í aðlögun raunlauna en ekki nafnlauna (Lilja Mósesdóttir, 2006).

Íslenski vinnumarkaðurinn hefur þótt vera frekar sveigjanlegur (Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson, 2008). Samkvæmt því ætti Ísland að ráða við það að vera í myntbandalagi við evruríkin.

Ef samband evrusvæðisins og Íslands er skoðað með tilliti til kenningarinnar um hagkvæm myntsvæði og skilyrðanna þriggja, leiðir það í ljós að Ísland uppfyllir eitt af þessum skilyrðum, en það telst frekar óraunhæft að Ísland uppfylli hin tvö á næstunni.

Það hefur þó sýnt sig að lönd sem eru í myntsamstarfi hafa upplifað samhverfari hagsveiflur. Ástæða þess er sú að sameiginlegur gjaldmiðill eykur viðskipti á milli landa og hagsveiflur. Því hafa lönd sem áttu ekki heima í hópi evruríkja fyrir upptöku evru, gert það í raun eftir upptöku (Jón Steinarsson, 2001).

7. Niðurstöður

Þegar skoðaðir eru þeir kostir sem eru til staðar fyrir Ísland og þeir bornir saman, eins og hefur verið gert, þá verður ekki annað séð en að valkostir Íslendinga í gjaldeyris- og peningamálum séu aðeins tveir. Annað hvort að halda okkur við núverandi peningastefnu og þar af leiðandi krónuna, eða að stefna að upptöku evru eftir að hafa gengið í Evrópusambandið og þar með inn í Efnahags- og myntbandalag Evrópu.

Þeir gallar sem eru við það að taka einhliða upp annan gjaldmiðill eru fleiri og stærri en þeir kostir sem ávinnast við slíkan ákvörðun. Ef að Ísland myndi einhliða taka upp evru hér á landi, þá er það næsta víst að það yrði gert í óþökk Seðlabanka Evrópu, því reynslan hefur sýnt að Evrópusambandið hefur ekki sýnt vilja til þess að semja við ríki nema að þau ríki hafi áður haft samstarf við einstaka ríki innan ESB.

Því hefði Ísland engan slíkan bakhjarl við peningamálastefnuna eins og aðildarríki EMU hafa. Þannig að til þess að tryggja lausafjárstöðu fjármálakerfisins hér, þá þyrfti Seðlabankinn að koma sér upp frekar stórum varasjóði í evrum, þannig að íslensku bönkunum yrði tryggt það lausafé sem þeir þyrftu til þess að geta starfað. Því er einhliða upptaka evru ekki sú töfralausn sem við þurfum og því er sá kostur vissulega til staðar, en ekki er ráðlegt að fara þá leið. Alls er óvíst hvort að það myndi í raun styrkja stöðu landsins.

Reynslan af myntráði eða einhliða upptöku erlends gjaldmiðils sem innlends lögeyris er næstum öll á einn veg. Reynslan er slæm og því er þessi kostur í gengismálum frekar óraunhæfur. Sérstaklega fyrir lönd sem eru jafn iðnvædd og standa jafn framlaglega eins og Ísland gerir.

Stofnun myntráðs krefst gjaldeyrisforða, trúverðugleika yfirvalda peningamála, trausts bankakerfis og sveigjanlegs vinnumarkaðar (Ársæll Valfells, e.d). Eins og staðan er hér á landi í dag, þá er mjög erfitt fyrir Ísland að uppfylla fyrstu þrjú skilyrðin. Því er myntráð mjög óraunhæfur kostur eins og staðan er í dag.

Því eru eins og áður segir aðeins tveir raunhæfir valkostir fyrir Ísland í gjaldeyris- og peningamálum. Annað hvort að halda núverandi peningastefnu og þar af leiðandi krónunni, eða stefna að upptöku evru með inngöngu í ESB og EMU. Þegar kostir og gallar þessara beggja leiða eru skoðaðir og metnir í samhengi, þá er svarið við því hver sé besti framtíðarmöguleikinn fyrir Ísland frekar ljóst. Núverandi flotgengisstefna með

verðbólgaumarkmiði og þeim höftum sem eru í gangi núna er komin í þrot, trúveruleiki á henni er nánast enginn.

Því er kominn tími til þess að stíga skrefið til fulls og afsala okkur sjálfstæðum seðlabanka og gjaldmiðli og taka hér upp fastgengisstefnu Evrópusambandsins.

8. Lokaorð

Núverandi peningamálastefna hefur ekki mikinn trúverðugleika og er hagkerfinu og gjaldmiðlinum haldið í fjötrum gjaldeyrishafta og mun svo væntanlega verða hér í mjög langan tíma. Reynslan af núverandi stefnu er mjög slæm og fljótandi krónan hefur skapað hér mikil vandamál og hefur gert það að verkum að kjör fyrirtækja og heimila í landinu hafa versnað til muna. Verðtryggingin sem fylgir núverandi stefnu er farin að sliga þjóðina og íbúar landsins eru að verða búnir að fá sig fullsadda.

Sveigjanleiki krónunnar hefur verið of dýru verði keyptur. Tími krónunnar og hinnar ósanngjörnu vísitölutengingar lána er liðinn. Allt frá bankahruninu hér á landi, haustið 2008, hafa allar aðgerðir verið mjög ótrúverðugar og haftakrónan okkar er svo gott sem handónýtur gjaldmiðill á heimsvísu. Þar sem engin tiltrú er á peningastefnuna og enn minni á gjaldmiðilinn, þá virðist sú lausn liggja í augum uppi að það beri að leggja niður þennan örgjaldmiðill okkar eins fljótt og auðið er og taka hér upp evru.

Því er það ákjósanlegasti kosturinn að kasta frá okkur sjálfstæði í peningamálum, gerast aðilar að ESB og ganga inn í EMU. Ég ætla ekki að leggja mat á pólitísk áhrif eða það hvaða áhrif ESB hefur á hinu ýmsu starfsgreinar hér á landi. Út frá hagfræðilegum röksemdum og því hvaða gengisfyrirkomulag sé besti framtíðarkostur Íslands, þá er það innganga inn í ESB og EMU það eina rétta. Að mínu mati er upptaka evru innan Evrópusambandsins besti og raunhæfasti kostur í gengismálum til framtíðar.

Þegar kenning Robert Mundell um hagkvæm myntsvæði er skoðuð, þá er ljóst að eitt af skilyrðunum er jákvætt, þó að hin tvö verði að teljast mjög eða frekar óraunhæf. Samkvæmt kenningunni, þá ætti Ísland að ráða við það að vera í myntbandalagi við evruríkin, þar sem það uppfyllir eitt af þremur skilyrðum.

Með því að Ísland gengi inn í ESB og gerðist aðili að EMU yrði stórum hluta af þeirri óvissu og óhagkvæmi sem fylgir því að hafa íslensku krónuna eytt og hægt að einbeita sér að öðrum hlutum, eins og að byggja hér upp efnahagslegan stöðugleika.

Innganga í ESB myndi skila sér í auðveldara aðgengi að lánsfé og lægri vöxtum. Samkeppi myndi aukast hér á landi og mjög líklega leiða til þess að verðlag hér á landi myndi

lækka neytendum í hag. Framtíð Íslands í dag er mjög óljós og virðist fátt benda til þess að ástandið sé að fara að lagast.

Til þess þyrfti að verða róttæk breyting, breyting sem gerði það að verkum að íbúar þessa lands fengju aftur trú á landi og þjóð. Ljúka þarf þeim aðildarviðræðum sem eru í gangi við ESB eins fljótt og auðið er, til þess að þjóðin geti farið að kjósa um framtíð sína.

Kosningin snýst þá einfaldlega um eitt atriði og það er hvort að við viljum stöðugleika hér á landi. Stöðugleika með stöðugum gjaldmiðli sem hefði ekki verðtryggingu á bak við sig. Bjartasta framtíð lands, þjóðar og komandi kynslóða er innan veggja Efnahags- og myntbandalags Evrópu og til þess að komast þangað þurfum við að ganga inn í Evrópusambandið.

Með inngöngu í ESB myndu Íslendingar öðlast stöðugleika, aukna samkeppni, minni gengissveiflur og viðskiptakostnað, lægra vaxtastig og hóflega verðbólgu. Með þessum kostum yrði hægt að reisa landið við og sigla þjóðarskútunni inn í bjarta framtíð.

9. Heimildaskrá

- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. (2008). *De Facto Classification of Exchange Rate Regimes and Monetary Policy Frameworks*. Sótt 29. janúar 2011 af <http://www.imf.org/external/np/mfd/er/2008/eng/0408.htm>
- Arnór Sighvatsson, Már Guðmundsson, Þórarinn G. Pétursson. (2001). *Val á hagkvæmstu gengisstefnu fyrir Ísland*. Fjármálatíðindi, 48. Árgangur - seinna hefti, bls. 20-49.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2009). *Krónan eða evran?*. Sótt 1. mars 2011 af <http://vefritid.is/greinasafn/kronan-eda-evran-ii/>
- AXA Schengen. (e.d.) *Map of the Schengen countries*. Sótt 21. febrúar 2010 af <http://www.axa-schengen.com/en/schengen-countries>
- Ásgeir Jónsson. (2004). *Um framþróun íslenska bankakerfisins*. Jólblað Vísbandingar 50. tbl. 22. árg., bls. 22-24.
- Ásgeir Jónsson. (2010). *Bankahrúnið 1930*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ásgeir Jónsson. (2002, febrúar). *Reiknikúntir verðbólgunnar*. Viðskiptablaðið. Sótt 20. janúar af <http://notendur.hi.is/ajonsson/Vinna/Verdbolga.pdf>
- Ársæll Valfells. (e.d.). *Myntráð og einhlíða upptaka evru*. Sótt 2. mars 2011 af http://media.evropunefnd.is/u/d/mynttrad_og_einhlida.pdf
- Bjarni Bragi Jónsson. (1992). *Hafta og styrkjarkerfi á Íslandi*. Jónas H. Haralz (ritstjóri), *Frá kreppu til viðreisnar. Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930 til 1960*, bls. 135-201. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Björn Rúnar Guðmundsson. (2006). *Myntráð án myntar - leiðin inn í evruna?* Sótt 1. mars 2011 af <http://www.visir.is/article/20061213/VIDSKIPTI0803/112130100>
- Björn Rúnar Guðmundsson. (e.d.). *Er myntráð lausn fyrir Ísland?* Sótt 1. mars 2011 af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5493>
- Björn Vigni Sigurpálsson. (2009). Baksvið: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn - með góðu eða illu. Sótt 17. janúar 2010 af http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2008/10/10/baksvid_althjodagjaldeyrissjodurinn_med_godu_eda_illu/
- Bordo, Michael. (2003). *Exchange Rate Regime Choice in Historical Perspective*. IMF Working Paper No. 9654. Sótt 27. janúar 2011 af <http://www.imf.org/external/pubs/ft/wp/2003/wp03160.pdf>
- Frankel A. Jeffrey. (2003). *Experience of and Lessons from Exchange Rate Regimes in Emerging Economies*. Working Paper Series rwp03-011, Harvard University, John F. Kennedy School of Government.+

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2003). Evrópusamruninn og Ísland. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson. (2008). *Hvað með evruna?* Reykjavík: Oddi.

Eiríkur Bergmann Einarsson. (2006). *Sjálfkrafa upptaka evru!* Sótt 15. febrúar 2011 af http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/_rsfundur/eirikur.pdf

Evrópusambandið (2010). *European countries*. Sótt 15. febrúar 2011 af http://europa.eu/abc/european_countries/index_en.htm

Evrópusambandið. (2010). *Schengen area*. Sótt 21. febrúar 2011 af http://ec.europa.eu/home-affairs/policies/borders/borders_schengen_en.htm

Forsætisráðuneytið. (2009). *Annáll efnahagsmála 2009*. Sótt 15. febrúar 2011 af http://www.fjarmalaraduneyti.is/utgefing_efni/annallefnahagsmala/nr/11808

Forsætisráðuneytið. (2007). Tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Sótt 19. febrúar 2010 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/SkyrslaEvropunefndar-.pdf>

Geoffrey Wood. (2007). *Nýr gjaldmiðill handa Íslandi?* Jakob F. Ásgeirsson (ritstjóri) Þjóðmál. Bókafélagið Uglya: Reykjavík.

Guðmundur Jónsson. (2008, 29. nóv.). *Síðustu gjaldeyrishöft stóðu í sextíu ár*. Sótt 12. janúar 2011 af: <http://www.visir.is/article/20081129/VIDSKIPTI06/183595316/-1>

Guðrún Yrsa Richter og Daníel Svavarsson. (2006). *Um útreikning á gjaldmiðlavogum*. Peningamál, 2006, 2. rit, bls. 75-88.

Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson (2005). *Fyrirkomulag gengismála á Íslandi- Horft til framtíðar*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Gylfi Zoega. (2009). *Fyrirkomulag peningamála og aðild að Evrópusambandinu*. Sótt 30. janúar 2011 af http://media.evropunefnd.is/u/d/Kostir_ESB_aildar_--_Gylfi_Zoega.pdf

Gylfi Zoega. (2009). *Greinargerð um áhrif alþjóðlegrar fjármálakreppu*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2009). *Greinargerð um áhrif alþjóðlegrar fjármálakreppu*. Sótt 1. mars 2011 af <http://www.ioes.hi.is/publications/rseries/R0902.pdf>

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2007). *Kostir og gallar upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi*. Sótt 1. mars 2011 af http://www.ioes.hi.is/publications/cseries/2007/C07_02.pdf

Hagfræðisvið Seðlabanka Íslands. (1999). *Peningastefnan í aldarfjórðung*. Hagtölur mánaðarins, blað. 306, bls. 1-4.

Hagskinna (1997). *Sögulegar hagtölur um Ísland*. 1997. Ritstjórar. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (e.d) *Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988*. Sótt 22. janúar 2010 af <http://hagstofan.is/Hagtolar/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds>

Halldór Birgir Jóhannsson. (e.d.) Gullfótur til bjargar. Sótt 23. janúar af http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/fjarmalin-thin/greinar/nanar/item77216/Gullfotur_til_bjargar/

Ito, Takatoshi og Krueger, O. Anne. (1999). *Changes in Exchange Rates in Rapidly Developing Countries: Theory, Practice, and Policy Issues*. Chicago: University Of Chicago Press.

Ívar Daði Þorvaldsson. (2003). *Hvaða ár var íslenska krónan tekin í notkun? Vísindavefurinn* 4.3.2003. Sótt 2. janúar 2011 af: <http://visindavefur.is/?id=3199>.

Ívar Jónsson. (2009). *Evrán og íslenska örhagkerfið*. Sótt 15. febrúar 2011 af <http://www.felagshyggja.net/smugan050209.pdf>

Jóhannes Nordal. (1997). *Efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga*. Fjármálatíðindi, 44. árgangur, síðara hefti, 1997, bls. 150-159.

Jóhannes Nordal og Ólafur Tómasson. (1982). *Frá floti til flots: Þættir úr sögu gengismála 1922-1973, Klemensarbók*. Reykjavík: Félag viðskipta- og hagfræðinga.

Jóhannes Nordal. (2002). *Mótun peningakerfisins fyrir og eftir 1930*. Jónas H. Haralz (ritstjóri), *Frá kreppu til viðreisnar. Þættir um hagsjórð á Íslandi á árunum 1930 til 1960*, bls. 41-81. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jónas H Haralz. (2006). *Að vera eða vera ekki*. Sótt 6. janúar 2011 af: http://www3.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009778/N%C3%BD+sta%C3%B0a_J%C3%B3nas+Haralz.pdf

Jón Magnússon. (2003). *Hverju hefur Evrópusamvinnan skilað neytendum?* Sótt 19. febrúar 2011 af http://www.ns.is/ns/frettir/opnir_fundir/islands_og_evropusambandid/?ew_news_onlyarea=content1&ew_news_onlyposition=4&cat_id=43204&ew_4_a_id=201825

Jón Sigurðsson. (2005). *Erindi á málstofu í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, haldið 3. mars 2005*. Sótt 24. janúar 2011 af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2882>

Jón Steinarsson. (2001). *Hvers vegna evru?* Sótt 18. mars 2011 af http://www.columbia.edu/~js3204/greinar/Hvers_vegna_evru.pdf

Lilja Mósesdóttir. (2006). *Evrópuvæðing íslenska vinnumarkaðarins*. Sótt 1. mars 2011 af <http://stofnanir.hi.is/ams/sites/files/ams/Lilja%20M%C3%B3ses.pdf>

- Magnús Pálmi Örnólfsson. (2000). *Spáð í krónuna*. Sótt 6. febrúar 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=579367
- Már Guðmundsson. (2004). *Gjaldmiðillinn og íslenska fjármálakerfið*. Peningamál, 2004, 3. rit, bls. 77-81.
- Már Guðmundsson og Yngvi Örn Kristinsson. (1997). *Peningastefna á Íslandi á 10. áratugnum*. Fjármálatíðindi, 44. árgangur, síðara hefti, 1997, bls. 103-127.
- Már Guðmundsson. (2002). *Verkefni og starfshættir nútíma seðlabanka*. Peningamál, 2002, 4. rit, bls. 80-89.
- Mundell, Robert A. (1961). "A Theory of Optimum Currency Areas." *American Economic Review*, Vol. 51 Issue 4, bls. 657-65. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=a4cb7b7f-5f52-4d2d-b6c7-4bf1e312d2f8%40sessionmgr111&vid=2&hid=111>
- Norðurlandaráð. (e.d.). *Saga norræns samstarfs fyrir 1952*. Sótt 6. janúar 2011 af: <http://www.norden.org/is/um-samstarfith/saga-norraens-samstarfs/fyrir-1952>
- OECD. (2010). *Country statistical profiles*. Sótt 1. mars 2011 af <http://stats.oecd.org/Index.aspx?datasetcode=csp2010>
- Ólafur Björnsson. (1967). *Þróun efnahagsmála 1945-1960*. Þórður Friðjónsson (ritstjóri), *Íslensk haglýsing. Greinar um íslensk efnahagsmál*, bls. 103-119. Reykjavík: Almenna Bókafélagið.
- Samtök iðnaðarins. (e.d.). *Staða krónunnar frá 2001*. Sótt 15. febrúar 2011 af <http://evropa.si.is/evropufraedsla/evran/>
- Seðlabanki Íslands. (e.d.). *Aðdragandi að stofnun Seðlabankans og nokkur atriði úr sögu bankans*. Sótt 12. janúar 2011 af: <http://www.sedlabanki.is/?PageID=26>
- Seðlabanki Íslands. (2009). *Afnám gjaldeyrishafta*. Sótt 15. mars 2011 af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7214>
- Seðlabanki Íslands. (2002). *Opinber gjaldmiðill á Íslandi*. Reykjavík: Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafn.
- Seðlabanki Íslands. (2010). *Peningastefnan eftir höft*. Reykjavík: Seðlabanki Íslands.
- Seðlabanki Íslands. (2009). *Peningastefnan og stjórnþeki hennar*. Peningamál, 2009, 4. rit, bls. 63-66.
- Seðlabanki Íslands. (2001). *Verðbólguþolmið Seðlabankans*. Sótt 22. janúar 2011 af: <http://sedlabanki.is/?PageID=58>
- Skrifstofa Alþingis. (2010). *Alþingi*. Reykjavík: Skrifstofa Alþingis.

Stefán Friðbjarnarson. (1994, 2. febrúar). Gjaldeyrishöftin kvödd. „Einangrun íslenska hagkerfisins afnumin“. Sótt 21. janúar 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=123658

Svein Harald Øygard. (2009). *Kostir og gallar þess að breyta umgjörð peningastefnunnar*. Sótt 15. febrúar 2011 af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7217>

Utanríkisráðuneytið. (e.d.). *Náið samstarf við Evrópu*. Sótt 17. febrúar 2011 af <http://esb.utn.is/hlidarval/island-i-evropu/>

Utanríkisráðuneytið. (2010). *50 ára afmæli EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu*. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/5383>

Utanríkisráðuneytið. (2007). Yfirlit yfir EES-samninginn Sótt 19. febrúar 2011 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESSamningur//nr/722#meginmal>

Yngvi Örn Kristinsson. (2000). *Framkvæmd peningastefnunnar og stjórnþæki*. Peningamál, 2000, 4. rit, bls. 37-44.

Viðskiptaráð Íslands. (2002). *Hvernig lifum við með krónunni?* Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands.

Viðskiptaráð Íslands. (2008). *Íslenska krónan, byrði eða blóraböggull?* Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands.

Viðskiptaráð Íslands. (2009). *Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála (178. mál)*. Sótt 5. Mars 2011 af http://www.vi.is/files/178.%20m%C3%A1ll%20-%20breytt%20skipan%20gjaldmi%C3%B0lam%C3%A1la_1778646348.pdf

Þorvaldur Gylfason. (2001). *Krónan og evran: Hvor hentar betur?* Sótt 6. febrúar 2011 af <http://notendur.hi.is/gylfason/evran1.html>

Þórarinn G. Pétursson. (2001). *Miðlunarferli peningastefnunnar*. Peningamál, 2001, 4. rit, bls. 59-74.

Williamson, John. (2004). *The Choice of Exchange Rate Regime: The Relevance of International Experience to China's Decision*. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.iie.com/publications/papers/williamson0904.pdf>

